Guðmundur St. Sigurðarson
Bryndís Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Húnaþingi vestra

Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2015/158

Forsíðumynd: Horft heim að Brekkulæk í Miðfirði.

@ Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga

Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki

2015/158

Efnisyfirlit

Inngangur 2
Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar 2
Aðferð við skráningu 4
Fornleifaskrá 5
Hrútafjörður: Frá Reykjum að Bessastöðum 5
Hrútafjarðarháls: Ytri-Jaðar, Tjarnarkot og Sveðjustaðir. 15
Miðfjörður vestan ár: Staðarbakki, Lækjarbakki, Króksstaðir og Skarfshóll 17
Miðfjörður vestan ár: Brekkulækur, Búrfell, Huppahlíð, Grundarás og Laxahvammur 24
Miðfjörður austan ár: Frá Laugarbakka að Barkarstöðum 31
Samantekt og tillögur að breytingum 47
Heimildaskrá 53
Fylgiskjöl 55

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna lagningu hitaveitu í Miðfirði og Hrútafirði að beiðni Skúla H. Hilmarssonar rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings Vestra. Skráning á vettvangi fór fram dagana 6.-8. maí 2015 og var í höndum Guðmundar St. Sigurðarsonar fornleifafræðings og Bryndísar Zoëga landfræðings, en Guðmundur sá um eftirvinnslu og skýrslugerð.

Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga. Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. gr. laga 80/2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.“

Samkvæmt 3. gr. er greinarmunur gerður á forngripum og fornleifum en fornleifar er skilgreindar með þessum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Um rannsóknir á fornleifum segir í 6. gr.:

„Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. [1]“

Enn fremur um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda í 16. gr.:

„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrám með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.[2]“

Að lokum er rétt er að vekja sérstaka athygli á ákvæðum laganna um áður ókunnar minjar, en í annarri málsgrein 24. gr. segir:

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki

[1] Heimasíða Alþingis. http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html. Skoðuð þann 27.10.2015.
[2] Sama.

megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferð við skráningu

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í þessu tilfelli afmarkaðist skráningarsvæðið af fyrirhugaðri lagnaleið og voru allar minjar innan 50m frá miðlínu lagnar mældar upp og skráðar. Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnisnúmers sem gefið er út af Minjastofnun Íslands og að lokum hlaupandi númer innan verkefnisins, þ.e. [nafn núverandi jarðar]-[verkefnisnúmer]-[hlaupandi númer] dæmi: Reykir-1737-1.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirliggjandi framkvæmda við lagningu ljósleiðara og var það metið hverju sinni hvort minjar væru líklegar til að vera í hættu eða ekki bæði útfrá fjarlægð frá fyrirhugaðri lagnaleið og ekki síður staðháttum á hverjum stað.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir tvo metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum.

Að lokinni uppmælingu á vettvangi var gerð tafla með upplýsingum um minjar í hættu og tillögum að tilfærslum lagnaleiðar. Þessi tafla ásamt uppmælingargögnum var send Minjaverði Norðurlands Vestra, Þór Hjaltalín, og rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs Húnaþings Vestra, Skúla H. Hilmarssyni. Í framhaldi af því var lagnaleið breytt þar sem þurfa þótti að mati minjavarðar. Hættumat í skýrslunni tekur mið af þessu og er þess getið ef minjar hafi verið í hættu en línan verið færð.

Yfirlitsmyndir af skráningarsvæðunum er að finna aftast í skýrslunni og að auki töflur þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunum í Ísnetshnitum (ISN93).

Fornleifaskrá

Hrútafjörður: Frá Reykjum að Bessastöðum



Reykir-1737-1
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Niðurgröftur
Hættumat: Var í hættu
Hættuorsök: Upphafleg lagnaleið var um 3m sunnan við niðurgröftinn en lögnin var færð um 20m til norðvesturs til að forða minjum 1 og 2 raski.
Staðhættir
Mógrafir og minjar þeim tengdum auk yngri hitaveituminja er að finna í móanum norðaustan við byggðina á Reykjum í Hrútafirði.
Lýsing
Niðurgröfturinn er 20-60sm djúpur og 1,4x4m að innanmáli. Innbrún er regluleg og að hluta þýfður kantur að utan. Virðist frekar vera niðurgröftur en tóft.
Aðrar upplýsingar
Mögulega er þetta í svonefndum Illamó sem í örnefnaskrá er sagður suður og upp af Reykjahver, en að mestu búið að rækta þegar örnefnaskráin var gerð árið 1980 (Ö-SJ, bls. 1).

Reykir-1737-2
Hlutverk: Mókofi/heytóft
Tegund: Tóft
Hættumat: Var í hættu
Hættuorsök: Upphafleg lagnaleið var innan við 1m norðan við tóftina en lögnin var færð um 20m til norðvesturs til að forða minjum 1 og 2 raski.

Staðhættir

Mógrafir og minjar þeim tengdum auk yngri hitaveituminja er að finna í móanum norðaustan við byggðina á Reykjum í Hrútafirði.

Lýsing

Mókofi eða heytóft er í móanum norðaustan við Reyki. Tóftin er vel greinanleg, veggir 30-50sm háir og mest um 50sm breiðir. Tóftin er gróin grasi og mosa og veggir þýfðir og sumstaðar horfnir.

Mynd 1. Horft til vesturs eftir framræsluskurði sem grafinn hefur verið við steyptan sökkul fyrir hitaveituna.

Mynd 2. Horft til suðvesturs yfir steypta grunna hitaveitunnar á Reykjum.

Mynd 3. Horft til norð-vesturs yfir steinsteyptan grunn frá hitaveitunni á Reykjum.

Reykir-1737-3

Hlutverk: Hitaveita

Tegund: Steinsteypa og niðurgreftir

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Mógrafir og minjar þeim tengdum auk yngri hitaveituminja er að finna í móanum norðaustan við byggðina á Reykjum í Hrútafirði. Hitaveituminjarnar dreifa sér yfir allstórt svæði beggja megin merkjanna milli Reykja og Sæbergs, nokkrir steyptir grunnar og skurðir frá þeim að byggðinni á Reykjatanga.

Lýsing

Skurður liggur frá steyptum sökkli (ISN93: A402134 N530472) á bakka framræsluskurðar. Skurðurinn er mest um 70sm djúpur og 1m breiður og virðist geta verið handgrafinn. Greinilegt er að skurðurinn tengist hitaveitunni. Tveir framræsluskurðir hafa verið grafnir í gegnum skurðinn og mögulega hefur hann verið fylltur upp að hluta. Annar steyptur sökkull (A401906 N530391) er nær suðvesturenda skurðarins. Um 50m langur niðurgröftur liggur til VNV frá honum, um 2-2,5m breiður og 30-50sm djúpur.

Aðrar upplýsingar

Þessar hitaveituminjar eru á mörkum þess að teljast fornleifar en þó var ákveðið að taka tillit til þeirra við lagningu hitaveitunnar og var línan færð til að valda þeim sem minnstu raski.

Sæberg-1737-4
Hlutverk: Þúst
Tegund: Mókofi
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Þústin er í uppþurrkuðu mýrlendi í landi Sæbergs, norður af byggðinni á Reykjatanga.
Lýsing
Þústin er algróin og ögn þýfð líkt og umhverfið, hún stendur svolítið hærra en umhverfið og er rúmlega 2m á kant. Lágir veggir eru að norðan og austan, 10sm há innbrún og 40sm breiðir. Tvær litlar mógrafir eru 10-15m sunnan við þústina og stórt mógrafarsvæði um 20m norðvestan við hana.

Sæberg-1737-5
Hlutverk: Mógrafir
Tegund: Niðurgröftur
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Mógrafir eru í móanum norðaustur af byggðinni á Reykjatanga, í landi Sæbergs um 300m austur af bænum.
Lýsing
Mógrafirnar eru algrónar, með skarpar brúnir og mest um 120sm djúpar og virðast ekki mjög fornar.
Aðrar upplýsingar
Samkvæmt Þorsteini Sigurjónssyni bónda á Reykjum var betri mótekja á þessum slóðum en suðaustar í landinu þar sem mórinn var lurkaríkari og lausari í sér, sá mór brann hraðar og þótti ekki jafn góður, þarna var því aðal mótekjusvæði jarðarinnar (samtal. 20.11.2015).

Sæberg-1737-82
Hlutverk: Mókofi
Tegund: Þúst
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Mógrafir eru í móanum norðaustur af byggðinni á Reykjatanga, í landi Sæbergs um 300m austur af bænum. Þúst er norðaustan grafanna, líklega leifar móstafla eða mókofa.
Lýsing
Þústin er 30-40sm hærri en umhverfið 2,3x3,2m á kant og liggur norðaustur-suðvestur.

Mynd 4. Horft heim að Tannstaðabakka í VSV. Aðeins glittir í hesthústóft (1737-8) handan við veginn í hægra horni myndar. Bæjarstæði Tannstaðabakka (1737-83) á svipuðum slóðum og núverandi byggingar sunnan lækjargilsins.

Tannstaðabakki-1737- 83
Sérheiti: Tannstaðabakki
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Heimild
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Töluverðar líkur eru á að minjar undir sverði verði fyrir raski, þar sem núverandi byggingar eru á gömlu bæjarstæði, en ekki er sýnt að ein leið sé betri en önnur að húsunum og því ekki ástæða til að færa línuna.
Staðhættir og lýsing
Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarstæði Tannstaðabakka. Engar minjar eru sýnilegar á gamla bæjarstæðinu, enda hefur það orðið fyrir miklu raski af völdum bygginga.
Aðrar upplýsingar
Einar Skúlason (f. 1834 d. 1917) hóf að byggja torfbæ á Tannstaðabakka vorið 1865 (Óðinn, 7. árg. 1911-1912, 10. tbl. bls. 77-78) og má vera að það hafi verið sami bær að grunni til og brann árið 1960, 95 árum síðar.

Í örnefnaskrá Tannstaðabakka segir: „Það býli er lítið inn frá Tannstöðum, en neðar og á allháum sjávar- og lækjarbökkum, og er Tannstaðabakki líklega af því komið, enda líklegt, að úr landi Tannstaða sé það byggt í fyrstu. Það er þó fornbýli með augljósum fornum garði um vel meðaltún. Gegnum það norðan bæjar fellur Bakkalækur, og er norðan hans Húsatún. Neðst á því var eitt sinn býlið Bakkakot, hjáleiga gömul, en ofarlega í því hólbali, Járnhryggur." (bls. 1). Bakkakot er norðan allra nútíma bygginga og vel utan skráningarsvæðis.

Jörðin Tannstaðabakki kemur fyrst fyrir í Auðunarmáldaga frá 1318, þar ritað Bakki (Ísl. Fornbréfasafn II, bls. 484). Í kaupbréfi frá 1444 er hins vegar ritað Tannstaðabakki (Ísl. Fornbréfasafn III, bls. 165). Hennar er svo aftur getið öðru bréfi frá seinnihluta 14. aldar (Ísl. Fornbréfasafn III, bls. 549) og í fleiri bréfum frá 15. öld (Ísl. Fornbréfasafn IV, bls. 650; V, bls. 476, 517; VI, bls. 411; XII, bls. 50) og síðar (Ísl. Fornbréfasafn IX, bls. 315, 327: XII, bls. 81; XIII, bls. 566).

Í jarðabók frá 1686 var jörðin metin á 40 hundruð, landskuld var 2 hundruð og kúgildi 6, en 1696 var hún komin niður í 24 hundruð að verðmati, landskuldin í 1 hundrað og kúgildin 5 (Bj. L., bls. 224). En 24 hundraða jörð flokkast sem býli í góðu meðallagi.

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705 er jarðamatið óbreytt sem og leigukúgildin en landskuldin lítillega hærri eða 1 hundrað og 20 álnir. Jörðin var þá í einkaeign og í leigu eins ábúanda,

en heimilisfólk sjö og niðurseta um tíu mánuði. Engar kvaðir voru á jörðinni sem var talin geta fóðrað 3 kýr, 40 ær, 15 lömb og 5 hesta. Torfrista og stunga var sögð bjargleg, en óvíst um móskurð sem var a.m.k. ekki notaður. Selveiði sögð gagnvænleg, rekavon nokkur og skelfiskfjara af reka sögð nokkrum sinni hafa orðið að gagni. Hrognkelsafjara var áður en hafði ekki komið að gagni í mörg ár. Um aðra landhagi segir að túninu spilli mýrarvatn og landþröng sé mikil. Vetrabeit var erfið en merkilega gagnvæn segir í bókinni en kirkjuvegur langur. Þá er þess getið að hjáleigan Bakkakot hafi verið komin í eyði fyrir þrem árum en hún hafi fyrst verið byggð í minni þálifandi manna (JÁM VIII, bls. 20-21). Sem sagt líklega byggð á tímabilinu 1620-40 en fór í eyði 1702.

Í jarðatali Johnsen er jörðin sögð í bændaeign, metin á 24 hundruð, landskuld sem fyrr 1 hundrað og 20 álnir kúgildum en fækkað um eitt niður í fjögur (Johnsen, bls. 223).

Mynd 5. Horft til vesturs yfir tóftir kvía (Tannstaðabakki-1737-6), garðlags (1737-7) og hesthúss (1737-8) norðaustur af bæ á Tannstaðabakka.

Tannstaðabakki-1737-6
Hlutverk: Kvíar
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Tóftin er sunnan í hólnum sem hesthústóftin stendur á í grónum hvammi austur af bæ á Tannstaðabakka.
Lýsing
Tóftin er aflöng og snýr u.þ.b. norðvestur-suðaustur, opin til norðvesturs, 1,7x5m á kant. Vegghæð er á bilinu 30-60sm og mesta breidd um 1m.
Aðrar upplýsingar
Á korti ja.is eru merkt inn örnefni á nokkrum jörðum í Húnaþingi Vestra og víðar, þ.á.m. á Tannstaðabakka, þar er merkt „kvíar“ á þessum stað og örnefnið „Kvíeyri“ norðan ár nokkru vestar (heimasíða www.ja.is, skoðuð 26.11.2015). Ekki er minnst á kvíar né Kvíeyri í fjórum örnefnaskrám jarðarinnar sem skýrsluhöfundur fékk frá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar.



Teikning 1. Tóftir í lækjarhvammi norðaustur af bæ á Tannstaðabakka. Kvíar (Tannstaðabakki-1737-6), garðlag (Tannstaðabakki-1737-7) og hesthústóft (Tannstaðabakki-1737-8).

Tannstaðabakki-1737-7
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Garðlagið er á hóli í grónum hvammi austur af bæ á Tannstaðabakka.
Lýsing
Garðlagið er algróið og nokkuð sokkið, á bilinu 10-40sm hátt og mest um 1m breitt. Það liggur til norðurs frá meintri kvíatóft (1737-6) og virðist samtíða henni, en fer að því er virðist undir hesthústóft (1737-8) efst á hólnum. Óvíst er með tilgang garðlagsins en mögulega hefur það verið til að auðvelda innrekstur í kvíarnar eða verið lítið hólf tengt þeim.

Tannstaðabakki -1737-8
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Tóftin er efst á litlum hóli í grónum og grasgefnum hvammi við bæjarlækinn um 100m ANA af íbúðarhúsinu.
Lýsing
Tóftin snýr u.þ.b. NV-SA og virðast dyr hafa verið fyrir miðju á suðvestur langvegg. Veggir eru á bilinu 30-60sm háir og mest um 1m breiðir, algrónir og sér ekki í grjót. Tóftin er að hluta til ofan á eldra garðlagi (1737-7) sem tengist kvíunum (1737-6) niður undan hólnum.
Aðrar upplýsingar
Þarna var hesthús samkvæmt ábúanda Ólöfu Ólafsdóttur (samtal. 8.5.2015).

Mynd 6. Horft til norðausturs heim að Tannstöðum, gamalt bæjarstæði (Tannstaðir-1737-84) var í túninu sem sést fyrir miðri mynd.

Tannstaðir-1737-84
Sérheiti: Tannstaðir
Hlutverk: Bæjarhóll/Bæjarstæði
Tegund: Heimild
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Á loftmynd með merktum örnefnum, fengið hjá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar, er sýnt gamalt bæjarstæði í túninu suðvestur af bæ á Tannstöðum og liggur lagnaleiðin á þeim slóðum, hins vegar eru engar upplýsingar hvar byggingar eða mannvirki hafa staðið.
Staðhættir og lýsing
Suðvestur af bæ á Tannstöðum er slétt tún, engar dældir eða hávaðar vísa á minjar á þessum slóðum og ómögulegt að segja hvar nákvæmlega byggingar kunna að hafa staðið. En gera má ráð fyrir að byggingar geti leynst undir sverði á allstóru svæði í túninu.
Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá Tannstaða segir: „Það er ysta býli Staðarhrepps með skýrum garði um meðalstórt tún. Þessi jörð hefur nokkuð snemma sameinast af tveimur jörðum, báðum fornum og aðskildum að nokkru af garði miklum og fornum, sem legið hefur út frá túni Tannstaða allt á merki og þar beint niður í sjó og hefur því einnig verið engjagarður. […] Neðst í suðurtúni var Kaupamannavöllur, norðan við bæ Bæjarlind, en út frá forna túninu melhæð, nú Húsatún. Norðan við það er gil, nú gróið, Húsalaut, og norðan við það nýbýli, Jaðar.“ (Örnefnaskrá Tannstaða H.G., bls. 1).

Tannstaðir koma fyrst fyrir í Auðunarmáldaga frá 1318 en þá er bænhús á jörðinni (Ísl. Fornbréfasafn II, bls. 483) og enn árið 1360 (Ísl. Fornbréfasafn III, bls. 166), en er ekki getið í fornbréfum aftur fyrr en eftir 1500 (Ísl. Fornbréfasafn XII, bls. 81 og 463). Upphaf byggðar má því rekja a.m.k. aftur til 14. aldar en jörðin gæti að sjálfsögðu verið mun eldri.

Syðri-Jaðar-1737-81
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Undir brekkunni norður af útihúsunum á Tannstöðum og ofan við gamla íbúðarhúsið og útihúsin á Syðri-Jaðri er garðlag undir girðingunni sem skilur að jarðirnar tvær. Væntanlega bæði merkjagarður milli jarðanna sem og hluti túngarðs umhverfis túnið á Syðri-Jaðri.

Mynd 7. Horft til SSV eftir garðlagi (Jaðar-1737-81) neðan gamals vegar norðan við Tannstaði og ofan við Syðri-Jaðar.

Mynd 8. Horft til suðausturs yfir bæjarhól Mýra. Gamla bæjarstæðið er fyrir miðri mynd og í rofabakka við bæjarlækinn (til hægri á myndinni) sáust þykk mannvistarlög.

Mýrar-1737-16
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Hóll
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Bæjarhóllinn er í miðri lagnaleið og var lagt til að línan yrði færð til að forða honum raski.
Staðhættir
Gamli bæjarhóllinn á Mýrum er við bæjarlækinn um 50m ASA af heimagrafreitnum og er gamalt íbúðarhús sunnan við bæjarhólinn og gamalt útihús austan við, hvort tveggja úr steinsteypu.
Lýsing
Engar sýnilegar minjar eru á yfirborði bæjarhólsins, og greinilegt að jafnað hefur verið úr leifum síðasta bæjarins, hins vegar sést glöggt í rofabarði við bæjarlækinn að norðan að þar eru þykk mannvistarlög.
Aðrar upplýsingar
Mýrar koma fyrst fyrir í kaupbréfi frá lokum 15. aldar (Ísl. Fornbréfasafn VI, bls. 451-2) og í fleiri bréfum varðandi eignarhald á jörðinni frá 16. öld (Ísl. Fornbréfasafn XI, bls. 309 og 410; XII, bls. 545).

Í jarðabók frá 1686 er jörðin sögð í bændaeign metin á 20 hundruð, landskuld 1 hdr. og kúgildi 5, en árið 1696 er hún í konungs eigu og kúgildin einu færri eða 4 (Björn Lárusson, bls. 224).

Í jarðabók frá 1705 er jörðin sömuleiðis sögð konungseign og jarðamatið það sama (JÁM VIII, bls. 24-25). Þar kemur fram að jörðin hafi verið talin geta fóðrað þrjár kýr, fimm lömb, eina ær og fjóra hesta. Heimilismenn voru þá átta og niðurseta á bænum frá veturnótum til fardaga. Torfrista og stunga var sögð hjálpleg, en kaupa þurfti reiðing. Móskurður talinn vera en ekki notaður. Hrís var rifinn til kolagerðar en tekinn að eyðast. Heimræði var frá jörðinni sumar og haust ef fiskur gekk inn í Hrútafjörð. Rekavon var sögð nokkur fyrir jörðinni, en hrognkelsafjara ekki teljandi og skelfiskfjara sára lítil. Um túnið var sagt að því spillti stundum aurskriða úr bæjarlæknum en ekki mikið. Samkvæmt jarðabókinni var kvikfé hætta búin af sjávaflóðum þegar „fjörumóð“ lagði en forðum bæði sumar og vetur. Að endingu var því bætt við að kirkjuvegur væri langur og erfiður (JÁM VIII, bls. 24-25).

Í jarðatali Johnsen frá 1847 er jörðin í bændaeign metin á 20 hundruð, landskuld 1 hundrað og kúgildi 4 (Johnsen, bls. 223).

Mynd 9. Horft til norðvesturs heim að Bessastöðum á Heggstaðanesi. Núverandi íbúðarhús er á gamla bæjarhólnum rétt vestan við síðasta torfbæinn.

Bessastaðir-1737-68
Sérheiti: Bessastaðir
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Heimild
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Framkvæmdir
Staðhættir
Núverandi íbúðarhús á Bessastöðum stendur á gamla bæjarhólnum, síðasti torfbærinn stóð heldur vestar þar sem nú er bílastæði framan við húsið. Búast má við minjum í jörðu á svæðinu í kringum íbúðarhúsið og bílastæðið.
Lýsing
Íbúðarhúsið stendur á svolítilli upphækkun en ekki háum hóli, engar minjar eru sýnilegar á yfirborði á gamla bæjarstæðinu.
Aðrar upplýsingar
Bessastaðir koma fyrst fyrir í Landnámu (þar ritað Bersastaðir), en samkvæmt þeirri frásögn bjó þar Bersi goðlauss sonur landnámsmannsins Bálka Blængssonar sem nam Hrútafjörð allan (Landnámabók, bls. 119). Jörðin kemur einnig fyrir í Vatnsdæla sögu og bréfum frá 14. öld og síðar (Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 484; IV, bls. 340; V, bls. 339; IX, bls. 426; XII, bls. 454). Meðal annars í Auðunarmáldaga frá 1318 þar sem fram kemur fram að kirkjan á Stað í Hrútafirði átti fjórðung í reka fyrir landi Bessastaða (Ísl. Fornbréfasafn II, bls. 484).

Jörðin komst í eigu Þingeyrarklausturs árið 1527 (Ísl. Fornbréfasafn IX bls. 353) og er svo í jarðabók frá 1686 en í jarðabók frá 1696 er hún sögð konungsjörð, metin á 16 hundruð og 160 álnir, landskuld 100 álnir og kúgildi 4 (Björn Lárusson, bls. 225). Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705 er jörðin sögð konungsjörð, en jarðamat og gjöld þau sömu. Engar kvaðir voru á jörðinni sem var talin geta fóðrað tvær kýr, en 20 ær, sex lömb og einn hest með heyjum og útigangi. Heimilismenn voru fimm og niðursetningur að auki yfir veturinn. Torfrista og stunga var sögð lítt viðsæmandi. Hrísrif tekið að þverra en þó enn nýtt til kolagerðar. Rekavon var sögð nokkur, skelfiskfjara lítil, en heimræði um vor og haust ef fiskur gekk inn Hrútafjörð. Vetrarríki var sagt mikið og kvikfé hætta búin þegar sjó lagði með fjörunni („fjörumóð“) sem og fyrir foröðum í landi. Kirkjuvegur var sagður erfiður og illur (JÁM VIII, bls. 25-26). Í jarðatali Johnsen frá 1847 er jörðin metin á 16 hdr. landskuld 90 álnir en kúgildin ennþá 4 (Johnsen, bls. 223).

Bessastaðir-1737-17
Hlutverk: Legstaður/kuml
Tegund: Heimild
Hættumat: Engin hætta (var í hættu)
Hættuorsök: Samkvæmt ábúendum var legstaðurinn nokkurn veginn þar sem fyrirhugað var að línan yrði lögð heim að bænum, en lagt var til að línan yrði færð til norðar í túnið og færi svo beint til suðurs að íbúðarhúsinu.
Staðhættir og lýsing
Hnit voru tekin samkvæmt tilsögn ábúenda um rúma 30m ANA af bæ. Þar er nú tún og engar sýnilegar minjar á yfirborði.
Aðrar upplýsingar
Árið 1906 fundust mannabein og grafarumbúnaður á hólbala austan við bæinn og benti flest til að um kuml væri að ræða, þ.e. legstað úr heiðni. Kristjáni Eldjárn þótti fundurinn hins vegar ekki nægilega öruggur til að hafa hann á lista yfir staðfest kuml í meginriti íslenskra kumlarannsókna, Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi (Kristján Eldjárn 2. útg. 2000, bls. 122).

Bessastaðir-1737-18
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild/Brunnur
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Grjóthlaðinn brunnur er í túninu rétt utan við bílastæðið um 13 m norðaustan við íbúðarhúsið á Bessastöðum. Brunnurinn var hlaðinn af ábúendum fyrir 4-5 árum á sama stað og gamli brunnurinn stóð. Nýi brunnurinn er ekki fornleif í sjálfu sér en mögulega eru einhverjar leifar upprunalega brunnsins enn á sínum stað.

Mynd 10. Horft til vesturs heim að Bessastöðum, í forgrunni er nýlega upphlaðinn brunnur á grunni gamla brunnsins (Bessastaðir-1737-18) sem tilheyrði síðasta torfbænum.

Hrútafjarðarháls: Ytri-Jaðar, Tjarnarkot og Sveðjustaðir.

Ytri-Jaðar-1737-9
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Hleðsla/varða
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Lítil hleðsla 50x60sm á kant og 30sm á hæð er á þurru holti innan um mýrarsund ofarlega í landi Jaðars um 630m norðaustur af bæ og tæpa 30m norðan miðlínu lagnaleiðar.
Aðrar upplýsingar
Jaðar er nýbýli úr landi Tannstaða fyrst byggt 1903 (Örnefnaskrá Jaðars, bls. 1).

Mynd 11. Gróin hleðsla (Ytri-Jaðar-1737-9) í landi Jaðars.

Ytri-Jaðar-1737-10
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Varða/ fuglaþúfa
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Fuglaþúfa eða hrunin varða, algróin en þó sést í tvo steina. Þúfan er um 30sm há og nálægt 50sm í þvermál neðst. Hún er nokkurn veginn í línu við merkin á milli Tannstaða og Tjarnarkots miðað við landamerkjaþekju Nytjalands.

Mynd 12. Hugsanleg varða (Ytri-Jaðar-1737-10) í landi Jaðars.

Ytri-Jaðar-1737-11
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Varða
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Varðan er í miðju fyrirhugaðrar lagnaleiðar og var lagt til að leiðin væri færð til að forða óþarfa raski á minjum.
Staðhættir og lýsing
Grjóthlaðin varða er á litlum þurrum melhól innan um mýrarsund sem þurrkað hefur verið upp með framræsluskurði. Varðan er aflöng 110sm löng og 50sm breið en um 40sm há og stendur efst á hólnum um 20m vestan við skurðinn.

Mynd 13. Gróin varða í landi Ytri- Jaðars (Ytri-Jaðar-1737-11).

Ytri-Jaðar-1737-12
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Varða
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Varðan er á aflöngum melhól um 80m ANA af annarri vörðu (Jaðar-1737-11), austan skurðar sem liggur í gegnum mýrarsund. Varðan er nær algróin en þó sér vel í grjóthleðslur, hún er næsta hringlaga 110x100sm á kant og um 50sm há.

Mynd 14. Varða í landi Ytri-Jaðars (Ytri-Jaðar-1737-12).

Tjarnarkot-1737-13
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Varða
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Hleðslan er á einum af mörgum hólum um 640m suðvestur af bæ á Tjarnarkoti. Gróin varða 120x100sm á kant og 40sm há.

Mynd 15. Horft norðaustur heim að Tjarnarkoti frá vörðu sunnan vegar (Tjarnarkot-1737-14).

Tjarnarkot-1737-14
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Varða
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Varðan er á þurru holti innan um mýrarsund sunnan þjóðvegar um 550m suðvestur af bæ á Tjarnarkoti. Hún er gróin, grasi og mosa en þó sér í grjóthleðslur. Varðan er 50x40sm á kant neðst og um 40sm há.

Mynd 16. Horft til SSA heim að Sveðjustöðum frá hleðslu (Tjarnarkot-1737-15).

Tjarnarkot-1737-15
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Hleðsla
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Hleðslan er efst á háum hóli sunnarlega í landi Tjarnarkots, um 950m SSV af bæ. Hleðslan er gróin, hringlaga og um 60sm í þvermál og 10sm há.

Tjarnarkot-1737-55
Sérheiti: Hesthúshóll
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Engar sýnilegar minjar eru á yfirborði en hugsanlega eru þarna jarðlægar minjar því ef marka má örnefnið hafa hesthús verið á þessum slóðum, þeim kann þó öllum að hafa verið raskað þegar húsið var byggt.
Staðhættir og lýsing
Núverandi íbúðarhús á Tjarnarkoti stendur á svonefndum Hesthúshóli. Engar minjar sáust á yfirborði en mögulega eru einhverjar undir sverði.

Miðfjörður vestan ár: Staðarbakki, Lækjarbakki, Króksstaðir og Skarfshóll

Mynd 17. Horft til suðvesturs heim að Staðarbakka. Gamall kirkjugarður og kirkja (1737-66) voru vestan núverandi garðs og sést einn legsteinn vinstra megin við miðja mynd. Skýrsluhöfundur stendur við minnismerkið um kirkjuna en steypuklumpur lengst til hægri á myndinni er hluti af reykháf síðasta torfbæjarins (1737-61).

Staðarbakki-1737-61
Sérheiti: Staðarbakki
Hlutverk: Híbýli
Tegund: Heimild
Hættumat: Mikil hætta
Hættuörsök: Gamla íbúðarhúsið á Staðarbakka er á gömlu bæjarstæði, síðasti bærinn stóð suðvestan þess, en búast má við minjum undir sverði á allstóru svæði umhverfis íbúðarhús og kirkju á Staðarbakka. Til að tengja húsið hitaveitu er þó óhjákvæmilegt að grafa þar í gegn, en lögð var til breyting á lagnaleiðinni til að lágmarka rask á minjum og m.a. forða gamla kirkjugarðinum raski. Lagnaleiðin átti upphaflega að fara um hlaðið milli íbúðarhúss og kirkju og fara svo austan við veginn til norðurs að yngra íbúðarhúsinu. Þessu var breytt og fór línan suður fyrir gamla íbúðarhúsið og vestur fyrir veginn til norðurs.

Staðhættir og lýsing

Síðasti torfbærinn á Staðarbakka stóð vestan við núverandi íbúðarhús. Bærinn var byggður 1877 og búið var í honum fram til 1935. Brot úr reykháfi hans er enn uppistandandi og á honum eirskjöldur með upplýsingum um bæinn. Samkvæmt Rafni Benediktssyni, bónda á Staðarbakka 1, var brunnur bæjarins í túninu svolítið suðvestan við torfbæinn og sá fyrir honum til skamms tíma sem holu í túninu en búið er að fylla upp í hana núna. Að brotinu úr reykháfnum undanteknu eru engar leifar bæjarins sýnilegar á yfirborði. Það er þó ljóst að búast má við minjum allvíða undir sverði í nágrenni íbúðarhússins, en fyrstu heimildir um byggð á jörðinni ná a.m.k. aftur til 13. aldar.

Aðrar upplýsingar

Staðarbakki eða Bakki kemur fyrir í annálum fyrir 1300, sem og í Biskupasögum og Sturlungu. Eftir það í fjölda bréfa frá 14. og 15. öld og síðar (1300-1400: Íslenskt fornbréfasafn XIV, bls. 5; II, bls. 482; III, bls. 164 og 536. 1400-1500: Íslenskt fornbréfasafn IV, bls. 382, 397, 513 og 669. Eftir 1500: Íslenskt fornbréfasafn IX, bls. 294 og 749; XII, bls. 672; XIV, bls. 552).

Staðarbakki var prestsetur og þar stórbýli að fornu og nýju. Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705 kemur fram að jörðin hafi aldrei verið metin til hundraða þar sem að hún hefði aldrei verið skattlögð. Engar kvaðir eða skyldur hvíldu heldur á jörðinni. Talið var að jörðin gæti fóðrað sex kýr, eitt ungneyti, 40 ær og fjóra hesta. Heimilismenn voru 11 talsins þegar jarðabókin var gerð (JÁM, bls. 39-40).

Jörðin átti afrétt á Húksheiði og flestar jarðir sveitarinnar áttu þar lambaupprekstur gegn tolli. Selstöðu átti jörðin austan Vesturár við svonefnda Jafnahólslæki öðru nafni Kirkjureit. Um jarðnæði kemur fram að túnin hafi árlega orðið fyrir skemmdum vegna vatnságangs, Miðfjarðará braut stöðugt af að austan og mýraruppsprettur ullu skaða að vestan. Engjar urðu sömuleiðis fyrir skemmdum af völdum lækja og aurskriða. Torfrista og stunga var sögð lök en þó nýtt. Móskurður til eldiviðar hins vegar nægur en talinn fara þverrandi. Hrísrif átti jörðin í landi Skarfshóls en það var tekið að eyðast og var sótt á fleiri bæi. Lax og silungsveiði var sögð hafa verið góð en umliðin ár oft verið að litlu eða engu gagni. Álftaveiði var nokkur á Húksheiði sem og eggjataka en hafði ekki verið til gagns í mörg ár vegna hallæris. Hvannatekja var nokkur. Aðgengi að timbri var gott þar sem Staðarbakki átti hlut í reka fyrir mörgum jörðum (JÁM, bls. 40-41).

Staðarbakka tilheyrðu hjáleigurnar Brandshús (Ísl. Fornbréfasafn V, bls. 336) og Hrafnshús (Hrafntóftarhús). Brandshús var sunnan túns en byggð þar varaði aðeins í fáein ár á seinni hluta 17. aldar og var komið í eyði þegar jarðabókin var skrifuð. Hrafnshús var byggt á gömlu fjárhússtæði fjarri bæ og var enn í byggð 1705, fyrst byggð einhvern tíma eftir 1685 (JÁM, bls. 41-42).

Staðarbakki-1737-62

Hlutverk: Brunnur

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta

Hættuörsök: Gamla íbúðarhúsið á Staðarbakka er á gömlu bæjarstæði, síðasti bærinn stóð vestan þess, og var brunnur sunnan eða suðvestan bæjar.

Staðhættir og lýsing

Samkvæmt Rafni Benediktssyni, bónda á Staðarbakka 1, var brunnur bæjarins í túninu svolítið suðvestan við torfbæinn og sá fyrir honum til skamms tíma sem holu í túninu en búið er að fylla upp í hana núna. Hnit voru tekin samkvæmt tilsögn.

Staðarbakki-1737-66
Hlutverk: Kirkja og Kirkjugarður
Tegund: Heimild (upphækkun)
Hættumat: Var í mikilli hættu
Hættuorsök: Lagnaleiðin eins og hún var fyrirhuguð lá meðfram veginum frá gamla íbúðarhúsinu og til norðurs vestan kirkjugarðs, að hluta til yfir hinn gamla kirkjugarð að því er virðist. Lagt var til að leiðin yrði færð vestur fyrir veg og suður fyrir gamla íbúðarhúsið og var það gert.
Staðhættir og lýsing
Vestan við núverandi kirkjugarð er minnismerki um gamla kirkju og kirkjugarð sem var í notkun til 1890, þar eru sömuleiðis legsteinar. Greinanleg upphækkun er á þessu svæði sem nær frá norðurbrún kirkjugarðsins og í boga til vesturs undir veginn, mögulega útbrúnir hins gamla kirkjugarðs.
Aðrar upplýsingar
Á minnismerkinu kemur fram að kirkju sé fyrst getið að Staðarbakka 1255 og að hún hafi verið helguð Jóhannesi Skírara og að kirkja og kirkjugarður hafi verið þar sem minnismerkið stendur fram til 1890.



Teikning 1. Stekkjartóft neðan við sumarhúsið Lækjarbakka, tóftin er í landi Staðarbakka.

Mynd 18. Horft til vesturs heim að Lækjarbakka, stekkjartóft (1737-77) er í þýfinu hægra megin við miðja mynd, ágætlega glögg tóft en sést illa á mynd.

Staðarbakki-1737-77
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Stekkur frá Staðarbakka er í þýfðri brekku neðan við íbúðarhúsið í Lækjarbakka, um 780m vestur af bæ á Staðarbakka.
Lýsing
Stekkurinn er allstór, tvískiptur með aðrekstrargarði. Réttin er um 6m á kant að innanmáli og lambakróin sambyggð vestur af henni er um 2,5x3m á kant og virðist hafa verið hlið yfir í réttina. Ofan við lambakróna er mögulega lítið útskot en gæti einnig verið hrun. Í framhaldi af réttinni er um 8,5m langt garðlag til að auðvelda rekstur inn í réttina. Veggir eru algrónir, töluvert sokknir og þýfðir, á bilinu 40-80sm háir og mest 2m breiðir.

Mynd 19. Horft til suðausturs yfir stóra þúst (1737-23) norðan við núverandi íbúðarhús á Króksstöðum.

Króksstaðir-1737-23
Hlutverk: Óþekkt/híbýli?
Tegund: Þúst
Hættumat: Engin hætta (var í hættu)
Hættuorsök: Upphafleg lagnaleið var teiknuð beint til norðurs frá núverandi íbúðarhúsi en lagt var til að hún yrði færð til vesturs niður fyrir hólinn og var það gert.
Staðhættir og lýsing
Þústin er um 25 m norður af íbúðarhúsinu á Króksstöðum. Hún er aflöng frá austri til vesturs mest um 12 m löng og 7,5 m breið. Hún er þýfð en stendur mest um 130sm hærra en umhverfið að norðanverðu en lækkar til suðurs. Sýnilega er um gamlar byggingaleifar að ræða en engin veggjalög eru greinanleg en grjót sést í köntum til norðurs og austurs. **Aðrar upplýsingar**
Króksstaðir koma fyrir í Auðunarmáldaga frá 1318, en jörðin var þá í eigu kirkjunnar á Staðarbakka, eftir það kemur jörðin fyrir í nokkrum skjölum frá seinnihluta 14. aldar, 15. öld og síðar þar sem eignarhaldið er tíundað (Ísl. fornbréfasafn II, bls. 482; III, bls. 164 og 536; V, bls. 334-6; XV, bls. 355).

Í jarðabókum frá 1686 er jörðin metin á 23 hundruð og 80 álnir, landskuld eitt hundrað og 20 álnir, en kúgildi 5. Tíu árum síðar er hún komin í 24 hdr., landskuld er óbreytt en kúgildin orðin 7 (Björn Lárusson, bls. 225).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er jarðamatið og landskuldin sú sama en kúgildin sex. Engar kvaðir voru á jörðinni og var hún talin geta fóðrað þrjár kýr, eitt ungneyti, 20 lömb, 40 ær og þrjá hesta. Heimilismen voru 11 þar af 8 börn og öll nema eitt þeirra sögð í ómegð. Selstöðu átti jörðin á í landi Staðarbakkakirkju, nefnt Króksel eða Króksstaðasel, en það hafði ekki verið notað „um langa æfi“. Torfrista og stunga var sögð sæmileg til húsbótar en reiðingsrista var eydd. Móskurður var sagður vera en erfiður vegna bleytu. Hrísrif til kolagerðar var þverrandi. Jörðin átti lambaupprekstur á Húksheiði fyrir toll til Staðarbakka. Hlunnindi voru af lax og silungsveiði í Miðfjarðará en höfðu verið að litlu gagni í nokkur ár. Miðfjarðará spillti stundum engjum og vetrarbeit var sögð vera en vera landlétt. Að lokum er þess getið að Gerði sé í landi jarðarinnar sem sumir telji hafa verið búið á en það var allt komið í hrjóstur þegar jarðabókin var gerð 1705 (JÁM VIII, bls. 43-44).

Í Jarðabók Johnsen frá 1847 er jörðin enn í eigu Staðarbakkakirkju metin á 24 hdr., landskuld 1 hdr. álnir og kúgildi 4 (Johnsen, bls. 224).

Króksstaðir-1737-24
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft/þúst
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Tóftin eða þústin er um 11 m austur af stóru þústinni norður af íbúðarhúsinu á Króksstöðum.
Lýsing
Tóftin eða þústin er algróin um 30sm hærri en umhverfið. Útlínur eru greinilegar en engin innbrún. Hún er fremur slétt að ofan en útbrúnir þýfðar sem og umhverfið. Svo virðist sem að um byggingaleifar af einhverju tagi að ræða.

Króksstaðir-1737-25
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Tóft er á u.þ.b. miðjum hólnum norður af íbúðarhúsinu á Króksstöðum, um 55 NNV af húsinu.
Lýsing
Tóftin er algróin og mikil sina á svæðinu, hún liggur u.þ.b. NNA-SSV og er greinilegri til norðurs og virðast dyr hafa verið þar útúr tóftinni. Innbrún veggja til suðurs er ógreinileg en sá hluti liggur hærra. Veggir eru á bilinu 20-70sm háir og mest 130sm háir.



Teikning 2. Óþekkt tóft á hólrana norður af íbúðarhúsinu á Króksstöðum.

Aðrar upplýsingar
Um sjö metra norður af þessari tóft er beinn kantur eða niðurgröftur um 30-40sm hár og um 7m langur, liggur frá norðri til suðurs, kann að vera leifar mannvirkis en það er óljóst, en mikill gróður var á svæðinu þegar það var skoðað.

Króksstaðir-1737-26
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Þúst
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Norðarlega á hólnum um 90 m NNA af íbúðarhúsinu á Króksstöðum er lítil þúst. Þústin er í mikilli sinu og þúfum. Innbrún er varla greinanleg, grunn rás eða niðurgröftur liggur frá henni til austurs.

Skarfshóll-1737-73
Hlutverk: Mógrafir
Tegund: Niðurgreftir
Hættumat: Engin hætta (var í hættu)
Hættuorsök: Upphafleg lagnaleið var teiknuð yfir mógrafirnar en var færð norður fyrir þær.
Staðhættir og lýsing
Um það bil miðja vegu milli Skarfshóls og Króksstaða eru mógrafir rétt austan túngirðingar á Skarfshóli. Grafirnar eru í mýrlendi norðan við lítið holt og eru á bilinu 40-50sm djúpar og taka yfir tæplega 460m^2 svæði. Grafirnar eru að mestu grónar og voru að hluta til fullar af vatni þegar skráning fór fram.

Mynd 20. Horft til norðurs yfir mógrafir (1737-73) í landi Skarfshóls.

Skarfshóll-1737-74
Hlutverk: Mókofi
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Tóftin er á milli tveggja mótófta sem standa á hálfgrónu lágu klapparholti. Hún snýr u.þ.b. norðaustur-suðvestur og virðast dyr hafa verið til suðurs eða suðvesturs. Veggir eru mjög lágir og útflattir 5-10sm háir og 2m breiðir.

Skarfshóll-1737-75
Hlutverk: Mókofi
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Tóftin er sú nyrsta af þremur sem standa á hálfgrónu lágu klapparholti. Hún er grasi gróin og liggur nálega norður-suður með 20-30sm háa veggi, opin til suðurs. Líklega eru þetta leifar mókofa eða móstæðu.

Skarfshóll-1737-76
Hlutverk: Mókofi
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Tóftin er sú syðsta af þremur sem standa á hálfgrónu lágu klapparholti. Tóftin er algróin grasi og snýr u.þ.b. norðaustur-suðvestur og virðast dyr hafa verið til suðurs eða suðvesturs. Veggir eru mest um 30sm háir og 1,5m breiðir.

Mynd 21. Leifar mókofa (1737-76) við mógrafir (1737-73) í landi Skarfshóls.

Skarfshóll-1737-57
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Hóll/heimild
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Lagt var til að lagnaskurður væri grafin sem næst húsinu til að takmarka óþarfa rask og var línan færð til samræmis við það.
Staðhættir og lýsing
Núverandi byggingar á Skarfshóli, íbúðarhús og skemma, standa á gömlu bæjarstæði. Síðasti bærinn stóð á hlaðinu framan við skemmuna og sunnan við það nálægt norðvesturhorni íbúðarhússins var fjósið. Engar minjar eru nú sýnilegar á yfirborði en gera má ráð fyrir minjum undir sverði á öllu þessu svæði, einkum norðan við íbúðarhúsið og austan við skemmuna.
Aðrar upplýsingar
Skarfshóll kemur fyrir Auðunarmáldaga frá 1318, en jörðin var þá í eigu kirkjunnar á Staðarbakka, eftir það kemur jörðin fyrir í nokkrum skjölum frá seinnihluta 14. aldar, 15. öld og síðar (Ísl. fornbréfasafn II, bls. 482; III, bls. 164 og 536; V, bls. 334-6; XV, bls. 355).

Skarfshóll hefur flokkast sem meðal jörð eða rétt undir því, metin á 16 hundruð og 160 álnir í jarðabók frá 1686 en 16 hdr. í jarðabók sem gerð var tíu árum síðar, á báðum bókum er landskuld sú sama 100 álnir og kúgildin sex (Björn Lárusson, 225).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705 er jarðamat og landskuld óbreytt. Engar kvaðir voru á jörðinni, en hún var talin geta fóðrað eina kú, eitt ungneyti, sex lömb, 20 ær og tvo hesta. Heimilismenn voru fjórir og að auki eitt ungmenni í hálft ár eða gamalmenni í þrjá mánuði. Um landkosti segir að torfrista og stunga hafi verið hjálpleg en hrísrif lítið en nýttist þó til eldiviðar og kolagerðar en fór þverrandi. Lambaupprekstur átti jörðin á Húksheiði fyrir 5 álna toll til Staðarbakka. Engin engi voru tilheyrandi jörðinni nema það sem hægt var að heyja í flóum en vetrarbeit góð (JÁM VIII, bls. 42-43).

Í jarðabók Johnsen frá 1847 er Skarfshóll enn í eigu Staðarbakka, jarðamatið það sama en landskuldin helmingi minni eða 50 álnir og kúgildin 3 (Johnsen, bls. 224).

Skarfshóll-1737-58
Hlutverk: Fjós
Tegund: Heimild
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Lagt var til að lagnaskurður væri grafin sem næst húsinu til að takmarka óþarfa rask og var línan færð til samræmis við það.
Staðhættir og lýsing
Núverandi byggingar á Skarfshóli, íbúðarhús og skemma, standa á gömlu bæjarstæði. Síðasti bærinn stóð á hlaðinu framan við skemmuna og sunnan við það nálægt norðvesturhorni íbúðarhússins var fjósið. Engar minjar eru nú sýnilegar á yfirborði en gera má ráð fyrir minjum undir sverði á öllu þessu svæði, einkum norðan við íbúðarhúsið og austan við skemmuna.

Miðfjörður vestan ár: Brekkulækur, Búrfell, Huppahlíð, Grundarás og Laxahvammur

Brekkulækur-1737-56
Sérheit: Brekkulækjarrétt
Hlutverk: Rétt (skilarétt)
Tegund: Tóft/garðlög
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Réttin er í mikilli hættu vegna rofs af völdum Miðfjarðarár en var ekki talin hættu vegna framkvæmda þótt lagnaleiðin væri skammt sunnan hennar, enda réttin vel greinanleg.
Staðhættir
Í örnefnaskrá Brekkulækjar segir: „Norðan Ármótanna er Brekkulækjarhólmi eða Réttarhólmi, eins og hann er oftar kallaður. Þar er Brekkulækjarrétt, sem áður var skilarétt Miðfirðinga. Nú hefur áin brotið dálítið af hólmanum og réttin er orðin hrörleg." (bls. 2). Brekkulækjarhólmi er gróinn árhólmi milli jarðanna Brekkulækjar og Bjargshóls.



Mynd 22. Brekkulækjarrétt, gömul skilarétt Miðfirðinga í hólma við Miðfjarðará.

Lýsing
Austurhluti réttarinnar er að stórum hluta horfinn, þar sem áin hefur brotið af. Leifar 10 dilka eru þó enn greinilegar að austanverðu en 9 heil hólf að vestanverðu og aflangur almenningur á milli. Ekki var unnt a komast í hólmann þar sem réttin er. Lagnaleiðin var fyrirhuguð rétt sunnan við réttina, leifar hennar eru þó svo greinilegar að ekki var talin ástæða til að merkja þær sérstaklega, þær ættu enda ekki að vera í hættu vegna lagningar hitaveitunnar.
Aðrar upplýsingar
Samkvæmt ábúanda, Arinbirni Jóhannssyni, var réttin hlaðin skömmu fyrir aldamótin 1900 (samtal).

Brekkulækur-1737-37
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Fara þarf í gegnum túngarðinn með lögnina, hins vegar verður það gert á stað sem þegar er búið að raska svo skemmdir af völdum hitaveitulagnarinnar verða í algjöru lágmarki.

Staðhættir og lýsing

Túngarðurinn á Brekkulæk er stæðilegur meðfram vesturhlið gamla túnsins undir brekkunni sem bærinn dregur nafn sitt af. Suðvestan bæjar má rekja hann uppi á brekkunni og við túnjaðar að sunnan, að norðanverðu er hann að hluta kominn í tún, en þó sér móta fyrir hrygg í túninu og smá bútur er óhreyfður austur við Miðfjarðará en austurhluti hans er með öllu farinn í ána. Garðurinn algróinn og virðist að mestu torfhlaðinn, sumstaðar þýfður. Hann er á bilinu 30-120sm hár og allt að 2m breiður.

Mynd 23. Horft til norðurs eftir túngarðinum (1737-37) á Brekkulæk, lagnaleiðin fer yfir garðinn á svipuðum slóðum og skurðurinn sem sker garðinn.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt ábúendum var gamla bæjarstæðið í túninu sunnan gamla íbúðarhússins þar sem nú er rekið gistiheimili og er það ekki í hættu (Samtal).

Mynd 24. Fjárhús (1737-59) voru þar sem stærra húsið er fyrir miðri mynd og önnur fjárhús þar sem hitt húsið er lengra til vinstri á myndinni.Túngarðurinn (1737-37) sést glöggt neðarlega á myndinni.

Brekkulækur-1737-59
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Heimild
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Samkvæmt ábúanda voru fjárhús á svonefndu Lambhústóftarbarði norðan við bæ á Brekkulæk, þar er búið að byggja stóra skemmu og engar minjar sýnilegar.
Aðrar upplýsingar
Samkvæmt ábúanda, Arinbirni Jóhannssyni, voru önnur fjárhús vestan við Lambhústóftarbarð þar sem nú er steinsteypt bygging. Það er utan svæðis en þau útihús hafa horfið með öllu þegar nýja húsið var byggt. Sömuleiðis var hesthúsbraggi efst í túninu norðan lækjar á svolitlum tóftalegum hóli, það er hins vegar einnig utan svæðis og ekki í hættu.

Brekkulækur-1737-38
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Ofan við hesthúsin á Brekkulæk við á gilbrún bæjarlækjarins að norðan eru tvennar tóftir. Tóftirnar eru vestan við svolitla laut eða drag sem gengur niður í lækjargilið og heitir Kvíalaut samkvæmt loftmynd með örnefnum frá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar. Í örnefnaskrá Brekkulækjar segir hins vegar: „Upp af bæ er Kvíalaut, en kvíarnar eru horfnar, enda liggur þjóðvegurinn nú einmitt þar sem þær áður stóðu. Beint niður af þessum stað er melaopið, sem lækurinn fellur eftir. Milli Kvíalautar og Bæjarlækjar er Kvíatunga. Norðan við Kvíalaut er Hesthúsmelur fyrrnefndur, þar sem nýbyggð fjárhús og fjós nú standa.“ (bls. 1-2).

Mynd 25. Horft til austurs yfir mögulega kofatóft (1737-38), útihús á Hesthúsmel í bakgrunni.

Lýsing
Norðari tóftin er minni, næsta hringlaga um 2,3 m á kant. Veggir eru algrónir grasi og mosa, 10-20sm háir og mest um 50sm breiðir, þeir eru rofnir og útbrúnir þeirra eru aðeins greinanlegar að hluta. Mögulega er um kofatóft að ræða.

Brekkulækur-1737-39
Hlutverk: Tóft
Tegund: Óþekkt, Kvíar?
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir

Mynd 26. Horft til SA yfir tóft (1737-39) suðvestan við Hesthúsamel í landi Brekkulækjar.

Ofan við hesthúsin á Brekkulæk við á gilbrún bæjarlækjarins að norðan eru tvennar tóftir. Tóftirnar eru vestan við svolitla laut eða drag sem gengur niður í lækjargilið og heitir Kvíalaut samkvæmt loftmynd með örnefnum frá Örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar. Í örnefnaskrá Brekkulækjar segir hins vegar: „Upp af bæ er Kvíalaut, en kvíarnar eru horfnar, enda liggur þjóðvegurinn nú einmitt þar sem þær áður stóðu. Beint niður af þessum stað er melaopið, sem lækurinn fellur eftir. Milli Kvíalautar og Bæjarlækjar er Kvíatunga. Norðan við Kvíalaut er Hesthúsmelur fyrrnefndur, þar sem nýbyggð fjárhús og fjós nú standa.“ (bls. 1-2).

Lýsing
Syðri tóftin er ögn aflöng, um 2,6x4m að innanmáli og snýr u.þ.b. norðvestur-suðaustur, hlið eða dyr eru ógreinilegar en gætu hafa verið til austurs. Veggir eru grónir grasi og mosa, þýfðir og nokkuð útflattir, á bilinu 20-50sm háir og mest um 150sm breiðir. Óvíst er um hlutverk en mögulega eru þetta kvíar eins og örnefnið Kvíalaut bendir til. En algengt er að kvíar hafi verið mjög mjóar og aflangar þótt það þekkist einnig að þær hafi verið nær ferkantaðar litlar réttir.

Mynd 27. Hleðsla (1737-40) nærri merkjum Búrfells og Brekkulækjar.

Brekkulækur-1737-40
Hlutverk: Óþekkt (náttúrulegt eða varða)
Tegund: Hleðsla
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Gróin varða eða fuglaþúfa er á meltoppi rétt austan við merkin milli Búrfells og Brekkulækjar u.þ.b. 19m norðan við fyrirhugaða lagnaleið hitaveitunnar. Hleðslan er nær algróin, um 20sm há og 50sm í þvermál.

Búrfell-1737-44
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Tóft er norðvestanundir melhól suðaustan við túnin frá Búrfelli.
Lýsing
Tóftin er rúmlega 2,x2 m að innanmáli, gróin grasi og mosa og veggir þýfðir, á bilinu 20-40sm háir og mest um 1 m breiðir. Tóftin er líklega aðeins með eitt hólf og dyr virðast hafa verið til norðurs.

Mynd 28. Horf til norðurs yfir óþekkta tóft (1737-44) austan við tún á Búrfelli.



Mynd 29. Horft til suðausturs eftir hólhrygg með hleðslum (1737-45).

Búrfell-1737-45
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Hleðslur
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Nokkrar hleðslur eru á aflöngum lágum hóli norðaustan við tún, um 440 m ASA af bæ á Búrfelli, hóllinn er utan skráningarsvæðisins eins og það var fyrirhugað en ábúandi talaði um að hann vildi fá línuna færða til norðurs upp með túninu ákveðið var að fara yfir þá leið líka ef farið yrði að þeirri tillögu.

Lýsing

Hleðslurnar eru þrjár í röð, sú nyrsta er því sem næst hringlaga um 140sm í þvermál og 10sm há. Hleðslan í miðjunni er aflöng, mest 1,8x4m á kant og um 10sm há, hún snýr þvert á hólinn, u.þ.b. norðaustur-suðvestur. Sunnan við hana er sporöskjulaga hleðsla með sömu stefnu, 120x170sm á kant. Óvíst er hvaða tilgangi þessar hleðslur hafa þjónað, mögulega er þetta grjót sem hefur verið hreinsað úr túninu en útlit og umbúnaður rímar líka vel við heiðna legstaði eða kuml. Hvert eðli þessara minja er verður hins vegar ekki staðfest án rannsóknar.



Teikning 3. Kofatóft (1737-46) í jaðri skráningarsvæðis og útihúsatóftir og bæjarstæði utan svæðis (sjá nánar í aðrar upplýsingar í skráningu 1737-46).

Mynd 30. Horft NNV heim að Búrfelli yfir kofatóft (1737-46) norðvestan við gamla bæjarstæðið.

Búrfell-1737-46

Hlutverk: Óþekkt (útihús)

Tegund: Tóftir

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í suður jaðri skráningarsvæðisins um 100m SSA af bæ á Búrfelli, eru útihúsatóftir og gamla bæjarstæðið suðaustan þeirra. Nyrsta tóftin lendir að hluta til innan svæðis en hinar eru utan þess og ekkert af þessum tóftum er í hættu vegna framkvæmdanna.

Lýsing

Nyrsta tóftin er ferköntuð rúmlega 3m á kant með dyr til suðurs. Mikið grjót er í veggjum en þeir eru þó að miklu leyti grónir, á bilinu 50-80sm háir og mest rúmlega 2m breiðir. Óvíst er hvaða hlutverki þessi kofi hefur gengt.

Aðrar upplýsingar

Sunnan við kofatóftina (1737-46) eru leifar af fjárhúsi með garða og tvískipt tóft upp við þau. Veggir fjárhússins eru að mestu horfnir syðst en þó sér móta fyrir þeim, en að norðan er greinilegur garði og norður- og austurveggur ágætlega standandi. Fjárhúsið virðist hafa verið um 14m langt að innanmáli, með garða í miðju. Dyr hafa líklega verið á suðurhluta hússins sem er ógreinilegastur og mögulega aðrar dyr til vesturs að norðanverðu til að bera inn hey. Tvískipta tóftin sem er sambyggð fjárhúsunum að austan hefur

verið með dyr til austurs og mögulega einnig til suðurs. Hólfin eru svipuð að stærð, það syðra rúmlega 2m breitt og 5m langt en það norðara jafn langt en tæplega 3 m breitt. Upp við austurvegg syðri hlutans stendur bárujárnsklæddur kofi, en út frá honum til suðurs lág hleðsla, mögulega undan girðingu sem nær niður að bakka bæjarlækjarins. Gamla bæjarstæðið á Búrfelli er fast austan við þetta garðlag. Síðasti bærinn brann og sér ekkert eftir af honum. Hnit voru tekin samkvæmt tilsögn Jóns Eiríkssonar bónda í Búrfelli (ÍSN 93: 411265 529709). Rafveita var byggð við bæinn árið 1928 og var notuð til 1970 samkvæmt Jóni og eru leifar hennar ofan við skurðbakka rúma 100m suðaustur af gamla bæjarstæðinu (ISN 93: 411326 529623).

Búrfell-1737-47
Hlutverk: Beðasléttur
Tegund: Jarðrækt
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Ummerki um beðasléttur í aflíðandi brekku í túninu sunnan við íbúðarhúsið í Búrfelli. Slétturnar eru a.m.k. þrjár sem sjást en gætu hafa verið fleiri, fjórir skurðir með ávalar bungur á milli, hver slétta um 9m breið og á bilinu 50-70m löng.

Huppahlíð-1737-60
Hlutverk: Híbýli
Tegund: Bæjarhóll / heimild
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Eldra íbúðarhúsið í Huppahlíð er á gamla bæjarstæðinu og óhjákvæmilegt að fara í gegnum það til að leggja í húsið. Hins vegar verður ekki séð að ein leið að húsinu sé öðrum betri og því ekki lagðar til neinar breytingar á lagnaleiðinni.
Staðhættir og lýsing
Eldra íbúðarhúsið í Huppahlíð stendur um 260m VNV af núverandi íbúðarhúsið á gamla bæjarstæðinu. Engar minjar eru sýnilegar þar á yfirborðinu en búast má við minjum undir sverði á allstóru svæði umhverfis húsið.
Aðrar upplýsingar
Huppahlíð (áður Hlíð) kemur fyrst fyrir í heimildum frá lokum 14. aldar en saga jarðarinnar kann að vera mun eldri. Jörðin kemur svo aftur fyrir í fornbréfum frá 16. öld og síðar (Ísl. fornbréfasafn III, bls. 540 og 595; XIII, bls. 420).

Í jarðabók frá 1686 var jörðin metin á 24 hundruð, landskuld 1 hdr. og 30 álnir og kúgildi 6 og er það óbreytt tíu árum síðar (Björn Lárusson, bls. 225).

Í jarðabók frá 1705 er jarðamatið og kúgildin þau sömu en landskuld hafði verið lækkuð um 10 álnir fyrir fjórum árum og var 1 hdr. og 20 álnir. Engar kvaðir voru á jörðinni, en hún var talin geta fóðrað 3 kýr, 1 ungneyti, 20 lömb 40 ær og 5 hesta. Heimilismenn voru 8 en að auki niðursetningur hálft árið ef ungmenni var að ræða en fjórðung úr ári ef það var gamalmenni. Um landkosti segir að torfrista og stunga hafi verið bjargleg, Hrísrif til kolagjörðar og eldiviðar sömuleiðis en var tekið að þverra. Laxveiði var góð í Vesturá, en hafði verið í gagnlítil í mörg ár og oft engin. Jörðin átti lambaupprekstur á Húksheiði gegn tolli. Engi voru sögð slitrótt í grasbrekkum og kelduföllum. Sumargott en vetrarþungt og kvikfé hætt fyrir foruðum og dýjum, auk þess sem jarðföll spilltu landinu. Kirkjuvegur var sagður merkilega langur og hreppamannaflutningur illur og langur á aðra síðu. Að endingu er því bætt við að fornar girðingar séu um

stekkjartúnið og talið að þar hafi verið býli, en engar upplýsingar lágu fyrir um það. Árið 1705 var þetta tún allt komið í mýri og sagt að býlið mætti ekki aftur byggja nema jörðinni til skaða (JÁM, bls. 46-47).

Miðfjörður austan ár: Frá Laugarbakka að Barkarstöðum

Syðri-Reykir-1737-19
Sérheiti: Fúsakot
Hlutverk: Híbýli
Tegund: Heimild
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Ekki er að fullu ljóst hvar Fúsakot stóð en það var sunnarlega í túninu einhversstaðar norðan núverandi afleggjara heim að Reykja bæjunum. Hnit voru tekin eftir tilsögn ábúanda og miðað við örnefnakort, það má því gera ráð fyrir all mikilli skekkju og var ekki talin ástæða til að færa línuna af þeim sökum.
Aðrar upplýsingar
Hjáleiga frá Reykjum, fyrst byggð um 1675 og var enn í byggð þegar jarðabókin var gerð 1705, en óvíst hve lengi eftir það. Hjáleigan var tíunduð fyrir 10 hundruð af Reykjum og var landskuld 60 álnir. Engar kvaðir voru á hjáleigunni sem var talin geta fóðrað tvær kýr, eitt ungneyti, 10 ær og fimm lömb og tvo hesta. Heimilismenn voru þrír og niðurseta hluta vetrar (JÁM VIII, bls. 90-91). Fimm aðrar hjáleigur voru í landi Reykja, sumar aðeins í byggð í 2-3 ár. Óvíst er um staðsetningu sumra þeirra, en þær sem nokkurn veginn er vitað hvar stóðu voru ekki innan skráningarsvæðis eftir því sem næst var komist og því ekki ástæða til að gera breytingar á lagnaleiðinni.

Syðri-Reykir-1737-78
Hlutverk: Torf-/Mógrafir
Tegund: Niðurgreftir
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Torf- eða mógrafir eru í framræstu mýrarsundi syðst í landi Syðri-Reykja um 70m norður af landamerkjagirðingunni milli Syðri-Reykja og Bergsstaða.
Lýsing
Grafirnar eru fremur grunnar, 20-40sm djúpar og algrónar, hugsanlega merki um torftöku frekar en mógrafir sem eru yfirleitt dýpri. Grafirnar eru um200 m^2.



Teikning 2. Stekkjartóft (Bergsstaðir-1737-20).

Mynd 31. Horft til suðurs yfir forna tóft (Bergsstaðir-1737-20) um 250 m norðvestan við bæ á Bergsstöðum.

Bergsstaðir-1737-20
Hlutverk: Tóft
Tegund: Óþekkt/stekkur
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Lítil og fornleg tóft er í grónu skarði eða dragi um 250m norðvestur af bæ á Bergsstöðum. Um 25m NA af miðlínu lagnaleiðar.
Lýsing
Tóftin er mjög sokkin og veggir lágir en útlínur þeirra eru engu að síður greinilegar. Veggir eru á bilinu 10-40sm háir og mest um 150sm breiðir. Tóftin er tvískipt, að norðan er aflangt hólf, um 1,5x4m á kant og opið til austurs. Að sunnan er nær ferkantað hólf, um 3m á kant að innanmáli og dyr eða hlið til suðurs. Veggir umhverfis þennan hluta tóftarinnar eru þykkari og má vera að þetta rými hafi verið stærra að innanmáli. Ekki er ólíklegt að um stekk sé að ræða.
Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá Bergsstaða segir: „Milli Efri- og Neðriflóa eru Syðsta-, Stekkjar- , Mið- , Langa- og Ystaskarð, öll aðskilin af melhöfðum nokkrum." (bls. 1). Á heimasíðunni www.ja.is eru nokkur örnefni teiknuð inn í landi Bergsstaða, meðal annars hluti áður nefndra skarða en þó ekki í sömu röð (skoðað 2.12.2015). Þessi örnefni eru neðan vegar langt utan skráningarsvæðis en skörðin teygja sig sum upp fyrir veg. Miðað við kortið er Stekkjarskarð, skarðið sem skurðurinn er grafinn eftir og er stekkur merktur inn neðst í því og sér móta fyrir mögulegri tóft þar á loftmynd. Þetta skarð er nokkurn veginn í beinni línu við stekkjartóftina sem hér um ræðir (Bergsstaðir-1737-20).

Bergsstaðir-1737-64
Sérheiti: Bergsstaðir
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Hóll
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Lögð var til breyting á lagnaleiðinni til að takmarka rask á þekktum minjum á bæjarstæðinu en engu að síður líklegt að minjar undir sverði geti orðið fyrir raski þar sem íbúðarhúsið stendur á gömlu bæjarstæði.
Staðhættir og lýsing
Samkvæmt ábúendum hafa leifar síðasta bæjarins verið að koma upp norðvestan við núverandi íbúðarhús og var lagt til að lögnin væri færð norður fyrir afleggjarann af þeim sökum. Íbúðarhúsið stendur á svolitlum hól og má gera ráð fyrir uppsöfnum mannvistarlögum á bæjarhólnum, þótt engar minjar séu sýnilegar á yfirborði.
Aðrar upplýsingar
Jörðin kemur fyrst fyrir í landamerkjabréfi frá 1445 (Ísl. Fornbréfasafn IV, bls. 669) og fleiri skjölum frá 15. og 16. öld (Ísl. Fornbréfasafn V, bls. 520; 569; VI, bls. 199; 448-9; XI, bls. 406).

Í jarðabók frá 1686 er jörðin sögð konungseign, metin á 23 hundruð og 80 álnir, landskuld var 1 hundrað og 20 álnir en kúgildi 5. Árið 1896 er jörðin komin upp í 24 hundruð í jarðamati en landskuld og kúgildi óbreytt (Björn Lárusson, bls. 227). Jarðamat og fjöldi kúgilda er óbreyttur árið 1705 þegar Árni Magnússon og Páll Vídalín gerðu jarðabók sýna, en landskuld komin niður í 20 álnir. Engar kvaðir voru á jörðinni og var hún talin geta fóðrað þrjár kýr, eitt ungneyti, 40 ær og 20 lömb og 4 hesta að auki. Heimilismenn voru fimm og niðurseta hálfan vetur. Torfrista og stunga var sögð bjargleg, en kol þurfti að kaupa. Óvissa var um rétt jarðarinnar til veiði í Miðfjarðarvatni. Jörðin átti upprekstur á Lambatungur fyrir toll til Aðalbóls. Engjar voru að mestu votlendar og tún mýrlend að nokkru leyti og því bætt við að landþröng væri mikil (JÁM VIII, bls. 88-89).

Efri-Torfustaðir-1737-21
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Hættumat: Mikil hætta
Hættuörsök: Óumflýjanlegt er að fara með lögnina í gegnum túngarðinn á Efri-Torfustöðum, en hann þverar lagnaleiðina.
Staðhættir og lýsing
Túngarður er meðfram norðanverðu túninu á Efri-Torfustöðum og liggur u.þ.b. SV-NA. Garðlagið er algróið en mjög greinilegt og er túngirðing ofan á því. Garðlagið virðist hlaðið bæði úr torfi og grjóti og er á bilinu 40-80sm hátt og mest um 110sm breitt.

Mynd 32. Horft til norðausturs upp eftir túngarðinum norðan við túnið á Efri-Torfustöðum (1737-21).

Neðri-Torfustaðir-1737-63
Sérheiti: Neðri-Torfustaðir
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Heimild
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Gamla bæjarstæðið er á hlaðinu austan við íbúðarhúsið á Neðri-Torfustöðum og upphafleg lagnaleið lá þvert yfir hlaðið og þaðan í íbúðarhús og skemmu. Hún var færð til að lágmarka rask, upp að austanverðu íbúðarhúsinu og ætti að vera þar í hreyfðum jarðvegi og fer svo í sveig til norðurs og að útihúsunum austan íbúðarhússins.
Staðhættir og lýsing
Síðasti torfbærinn stóð austan við núverandi íbúðarhús á hlaðinu milli þess og vélaskemmunnar. Engar sýnilegar minjar eru á yfirborð en búast má við þykkum mannvistarlögum undir sverði.
Aðrar upplýsingar
Neðri-Torfustaðir áður Torfustaðir eiga sér langa sögu og koma fyrir bæði í Vatnsdælu og Sturlungu og fjölda fornbréfa frá 14. öld og síðar (Ísl. Fornbréfasafn XIV, bls. 5-6; II, bls. 678, 302, 513, 669, 245, 298-302 og 340; VI, bls. 199; VII, bls. 774; VIII, bls. 208; XI, bls. 160; XII, bls. 463, 321; XIII, bls. 157; XV, bls. 272).

Torfustaðir voru áður ein jörð en helmingur hennar varð að konungseign 1551/1552 og var henni þá skipt í Efri- og Neðri-Torfustaði sem eru eftir því sem næst verður komist á upprunalega bæjarstæðinu.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705 segir um Neðri-Torfustaði að þar sé kirkjutóft og kirkjugarður sem vitni um að þar hafi verið kirkjustaður þótt enginn þálifandi hafi munað til þess (JÁM VIII, bls. 85). Algengt var að kirkjur stæðu nærri bæjum og má gera ráð fyrir að leifar kirkju og kirkjugarðs séu einhversstaðar í námunda við bæjarstæðið. Engin kirkjuörnefni eru í örnefnaskrá jarðarinnar (Torfustaðir og Torfustaðahús, örnefnaskrá).

Neðri-Torfustaðir voru í konungseign metin á 30 hundruð, landskuld var 40 álnir og kúgildi 4. Engar kvaðir voru á jörðinni sem var talin geta fóðrað þrjár kýr, eitt ungneyti, 30 ær og 20 lömb og fjóra hesta. Heimilismenn voru fimm þegar jarðabókin var skrifuð og niðurseta hálfan vetur. Um landshagi segir að sumarhagar hafi verið góðir á selstöðu jarðarinnar (JÁM VII, bls. 85).

Syðri-Urriðaá-79
Hlutverk: Kuml
Tegund: Heimild
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Nokkrir malarhólar eru norðan Urriðaár, mannsgröf fannst í einum þessara hóla þegar möl var tekin í veginn á sínum tíma, nákvæm staðsetning legstaðarins er ekki ljós en afmarkað var allstórt svæði þar sem beinin fundust. Jafnframt var varað við að hrófla við melhólunum í nágrenninu, en lagnaleiðin liggur á milli hóla og ætti ekki að valda raski á gamla legstaðnum eða öðrum hugsanlegum á næstu hólum.
Aðrar upplýsingar
Í bókinni Kuml og haugfé segir Kristján Eldjárn um meintan kumlfund við Urriðaá: „Norðan við Urriðaána, á móts við þar sem heitir Hrafnakór, rétt norðan við þjóðveginn, er malarhóll með stórum hnullungum á toppinum, ámóta og nokkrir aðrir hólar þar rétt hjá, en úr þessum hefur verið tekin möl til vegarins inn í miðjan hól eða vel það. Í hólnum fundu malartökumenn nokkur mannsbein. Ég kom á staðinn 1946 og fann í kumlinu óhreyfð afætur og lærleggi og vott af neðstu beinum búksins, nóg til að ákveða legu mannsins í gröfinni. Ofan í melhólinn hafði verið grafin lítil og grunn dæld, rétt svo að rúmaði líkið. Höfuð

hafði vitað í suður, en fætur í norður, beinir hlið við hlið, enda líkið lagt á bakið. Enginn annar umbúnaður var sýnilegur, ekkert haugfé. Eftir að líkið hefur verið hulið, hefur allstórt grjót verið borið ofan á það, svo að nú voru um 65sm niður að beinunum. Þvermál kumldysjarinnar var nú 3-4 m, en eitthvað kann hún að hafa flast út. Ekki verður til hlítar sannað að þetta sé kuml úr heiðni, þar sem ekkert haugfé fannst. En umbúnaður og allt svipmót legstaðarins bendir þó til þess. Sumarið 1961 kom Þór Magnússon á þennan stað og sá að búið var að taka meiri möl úr hólnum, þar sem beinin höfðu fundist. Við það höfðu komið fram fleiri beinaleifar, brot úr neðri kjálka, höfuðkúpu og leggjarbrot. Beinin reyndust vera úr fullvöxnum manni, kyn óvíst.“ (bls. 121-122).

Ytra-Bjarg-1737-28
Hlutverk: Óþekkt/varða/kuml?
Tegund: Hleðsla
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Hleðslan er á aflöngu melholti, líklega svonefndu Ytra-Brautarholti (sbr. örnefnaþekju www.ja.is, skoðað 2.12.2015) tæpa 700m norður af bæ á Ytra-Bjargi og 130m austan vegar og um 35m vestur af lagnaleiðinni.
Lýsing
Hleðslan sést greinilega á löngu færi og er gróður þar þéttari en umhverfis. Sjálf hleðslan er aflöng frá norðri til suðurs, 10-50sm há og 2x3m á kant en umhverfis eru nokkrir steinar í röð sem afmarka aflangt svæði 5x10m á kant. Hleðslan er að mestu gróin grasi og mosa en rýrari gróður umhverfis. Útlit og staðsetning þessara hleðsla er lík því sem vænta má af legstað úr heiðni, svonefndum kumlum, en ekki er hægt að fullyrða um að svo sé án frekari rannsókna.
Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá Bjargs segir: „Út frá Bjarginu eru Syðra- og Ytra-Brautarholt og niður af þeim Kirkjusteinn, en upp af þeim Háavarða og Kollhólar þar lítið utar. Þegar farið var út í sveit, var farið meðfram Bjarginu, eftir Syðra-Brautarholti, meðfram Ytra-Brautarholti, út og niður hjá Kirkjusteini og áfram út og niður að Messulág. Þar var farið yfir Urriðaá, sem ræður merkjum móti býlinu Urriðaá.“ (bls. 1-2). Miðað við örnefnakort á heimasíðunni www.ja.is þá eru umræddar hleðslur á Ytra-Brautarholti.

Mynd 33. Horft yfir grónar hleðslur á svonefndu Ytra-Brautarholti norður af bæ á Ytra-Bjargi, hleðsla 1737-28 nær á mynd og 1737-29 fjær, rétt framan við hestinn. Útlit og staðsetning þessara hleðsla er lík því sem vænta má af legstað úr heiðni, svonefndum kumlum, en ekki er hægt að fullyrða um að svo sé án frekari rannsókna.

Mynd 34. Horft til suðurs yfir tvennar hleðslur á Ytra-Brautarholti norður af bæ á Ytra-Bjargi. Hleðsla 1737-29 nær og hleðsla 1737-28 á hólnum til vinstri á myndinni. Útlit og staðsetning þessara hleðsla er lík því sem vænta má af legstað úr heiðni, svonefnd kuml, en ekki er hægt að fullyrða um að svo sé án frekari rannsókna.

Ytra-Bjarg-1737-29
Hlutverk: Óþekkt/varða/kuml?
Tegund: Hleðsla
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Hleðslan er á aflöngum grónum mel, svonefndu Brautarholti, tæpa 640 m norður af bæ á Bjargi, um 60m sunnan við aðra svipaða hleðslu (Ytra-Bjarg-1737-28).
Lýsing
Hleðslan er gróin grasi, mosa og lyngi og er nær hringlaga um 5m í þvermál og 20-40sm hærri en umhverfið. Útlit og staðsetning þessara hleðsla er lík því sem vænta má af legstað úr heiðni, svonefndum kumlum, en ekki er hægt að fullyrða að svo sé án frekari rannsókna.
Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá Bjargs segir: „Þegar farið var út í sveit, var farið meðfram Bjarginu, eftir Syðra-Brautarholti, meðfram Ytra-Brautarholti, út og niður hjá Kirkjusteini og áfram út og niður að Messulág. Þar var farið yfir Urriðaá, sem ræður merkjum móti býlinu Urriðaá.“ (bls. 1-2). Miðað við örnefnakort á heimasíðunni www.ja.is þá eru umræddar hleðslur á Ytra-Brautarholti.

Ytra-Bjarg-1737-30
Hlutverk: Útihús
Tegund: Heimild
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Í örnefnaskrá Bjargs segir: „Upp frá bæ er Bæjarhóll, syðst og neðst í túni Neðstihóll, út frá bæ Grettisþúfa, klettur, og utar Húsatún.“ (bls. 1). Tveir ávalir hólar eru á Húsatúni suðvestan við íbúðarhúsið á Ytra-Bjargi (byggt árið 1938, samkv. www.skra.is, skoðað 3.12.2015). Samkvæmt Þorvaldi Pálssyni á Ytra-Bjargi var hesthús á vestari hólnum og einhver útihús á þeim austari, þarna er tún í dag og engar sýnilegar minjar á yfirborði, þótt gera megi ráð fyrir leifum undir sverði. Lagnaleiðin liggur á milli þessara hóla og þekktar minjar ekki í hættu.

Ytra-Bjarg-1737-31
Hlutverk: Hesthús
Tegund: Heimild
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Í örnefnaskrá Bjargs segir: „Upp frá bæ er Bæjarhóll, syðst og neðst í túni Neðstihóll, út frá bæ Grettisþúfa, klettur, og utar Húsatún.“ (bls. 1). Tveir ávalir hólar eru á Húsatúni suðvestan við íbúðarhúsið á Ytra-Bjargi (byggt árið 1938, samkv. www.skra.is, skoðað 3.12.2015). Samkvæmt Þorvaldi Pálssyni á Ytra-Bjargi var hesthús á vestari hólnum og einhver útihús á þeim austari, þarna er tún í dag og engar sýnilegar minjar á yfirborði, þótt gera megi ráð fyrir leifum undir sverði. Lagnaleiðin liggur á milli þessara hóla og þekktar minjar ekki í hættu.

Bjarg-1737-32
Sérheiti: Grettisþúfa
Hlutverk: Þjóðtrú
Tegund: Steinn
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Steinninn er jarðfastur og stendur um 40-50sm uppúr jörðu og er mest um 1m langur. Steinninn er í gömlu túni um 37 m norðan við íbúðarhúsið á Syðra-Bjargi.
Aðrar upplýsingar
Samkvæmt gamalli trú á höfuð Grettis að vera grafið undir steininum. Í Grettissögu segir hins vegar að höfuð Grettis hafi verið grafið heima að Bjargi að kirkju (Grettissaga, kafli 84).

Mynd 35. Horft til suðurs heim að Bjargi, steinn fyrir miðri mynd er kallaður Grettisþúfa og sögn um að undir honum sé höfuð Grettis "sterka" Ásmundarsonar grafið.

Bjarg-1737-69
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Heimild
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Samkvæmt ábúanda komu í ljós hleðslur á hlaðinu framan við gamla fjósið þegar grafið var fyrir lögnum að mjólkurhúsi og voru þær kannaðar af fornleifafræðingi. Framan við gömlu útihúsin, sunnan við íbúðarhúsið er græn flöt og bílastæði vestast, engar minjar eru sýnilegar eða ummerki sem benda til þeirra. Lögnin kemur inn í íbúðarhúsið að norðanverðu og þetta svæði því ekki í hættu.
Aðrar upplýsingar
Nánari upplýsingar um þennan fornleifafund fundust ekki við gerð skýrslunnar.

Mynd 36. Horft til norðausturs yfir hleðslu (1737-33) í landi Bjargs.

Bjarg-1737-33
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Hleðsla
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Greinileg hleðsla er á smá hólkolli, um 750m suður af útihúsunum á Bjargi. Hleðslan er gróin mosa og grasi og saman stendur af nokkrum steinum umhverfis og ofan á tveimur stórum jarðföstum steinum.

Bjarg-1737-34
Hlutverk: Óþekkt/hey- eða mótóft
Tegund: Tóft/garðlag
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Sunnan við melholt um 960m suður af útihúsunum á Bjargi eru mó- eða torfgrafir (Bjarg-1737-71) og lítil mótóft (Bjarg-1737-34) norðan þeirra. Tóftin stendur hærra en umhverfið og er greinanleg en veggir 30-60sm háir og grónir grasi að hluta þýfðir og rofnir.

Bjarg-1737-71
Hlutverk: Mó- eða torfgrafir
Tegund: Niðurgreftir
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Sunnan við melholt um 960m suður af útihúsunum á Bjargi eru mó- eða torfgrafir (Bjarg-1737-71) og lítil mótóft (Bjarg-1737-34) norðan þeirra. Grafirnar er á bilinu 20-50sm djúpar og taka yfir tæplega 1500m^2 svæði.



Teikning 4. Lítil hleðsla, mógröf og mókofi sunnarlega í landi Bjargs.

Teikning 5. Stekkur í landi Bjargshóls.

Mynd 37. Horft til SA yfir stekkjartóft (1737-35) í landi Bjargshóls.

Bjargshóll-1737-35
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir og lýsing
Tóftin er í grónum gilvanga að norðanverðu. Veggir eru algrónir grasi og mosa, en þó vel greinanlegir. Tóftin er tvískipt, byggð upp við brekku, með aðrekstrargarði að austan. Veggir eru á bilinu 30-70sm háir og mest um 1m breiðir.

Bjargshóll -1737-36
Hlutverk: Óþekkt/stekkur
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Gömul tóft, líklega stekkjartóft, er við mynni gróins gils norðan við Bjarghól, um 30m frá Miðfjarðará en um 330m ANA af íbúðarhúsinu á Bjarghóli. Í fyrstu var talið að minjarnar væru innan svæðis og þær því skráðar, en síðar kom í ljós að þær voru rétt fyrir utan.
Lýsing
Tóftin er tvískipt með lága og gróna veggi, á bilinu 10-40sm háa og mest 2m breiða, og eru að hlaupa í þúfur. Tóftin virðist vera tvískipt, mögulega stekkur, en meint lambakró er þó frekar óljós.



Teikning 6. Óþekkt tóft líklega stekkur í landi Bjarghóls.

Mynd 38. Horft til suðausturs yfir matjurtagarð (1737-48) í melbrekku vestur af bæ á Uppsölum.

Uppsalir-1737-48

Hlutverk: Matjurtagarður (og kartöflugryfja-/kofi)

Tegund: Garðlag

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Matjurtagarðurinn er í gróinni brekku sem hallar til suðvesturs undir sléttum mel, um 760m VSV af bæ á Uppsölum og um 30m suðaustan við malarnámu í melnum. Vestan við matjurtagarðinn er stór, gróinn og þýfður hvammur.



Teikning 7. Matjurtagarður (1737-48) neðan við bæ á Uppsölum.

Lýsing

Matjurtagarðurinn er um 720 m^2, aflangur frá norðvestri til suðausturs. Garðurinn er byggður utan í gróna brekku neðan við mel, og hallar til suðvesturs. Veggir er á bilinu 10-40sm háir og mest 60sm breiðir. Lítil tóft og niðurgröftur er í norðvesturhorninu. Tóftin er ferköntuð, tæplega 2m á kant að innanmáli, veggir um 20sm háir og álíka breiðir og virðast dyr hafa verið til suðausturs inn í garðinn. Við suðausturhorn tóftarinnar er grunnur niðurgröftur og smá kantur umhverfis. Niðurgröfturinn er nær hringlaga um 20sm djúpur.

Mynd 39. Óþekktur niðurgröftur (1737-49) á holti neðan við bæ á Uppsölum.

Uppsalir-1737-49

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Niðurgröfturinn er í um 26m fjarlægð frá miðlínu lagnaleiðar.

Staðhættir og lýsing

Niðurgröfturinn er á holti um 300m VSV af bæ á Uppsölum. Hann er 3,6m langur, 180sm breiður og 10sm djúpur, mögulega hefur einhver kofi staðið þarna. Óvíst um aldur en mögulega ekki mjög gamalt.

Aðrar upplýsingar

Ábúandi mundi ekki eftir byggingum á holtinu en þar eru geymdar gamlar heyvinnuvélar og fleira dót.

Mynd 40. Horf til norðurs yfir garðlag (1737-65), niðurgröft (1737-72) og fornlega tóft (1737-50). Garðlagið er glöggt en við enda þess vinstra megin er niðurgröfturinn. Um það bil fyrir miðri mynd, sunnan við garðlagið, má sjá móta fyrir tóftinni ef vel er að gáð.

Litli-Bakki-1737-65
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Lagnaleiðin liggur í gegnum garðlagið.
Staðhættir og lýsing
Garðlagið er greinilegt niður brekku niður að árbakka Miðfjarðarár, um 170 m NNV af bæ á Litla-Bakka. Það er algróið, 70-80sm hátt og um 1m breitt, það sést aðeins á um 25m kafla, frá niðurgreftri (1737-72) með hleðslu og upp að brekkubrún.
Aðrar upplýsingar
Mögulega er þetta garðbrot og garðbrotið norðan við bæ (1737-65) hluti af sama túngarði. Garðbrotin fengu þó sitt hvort númerið þar sem langt er á milli þeirra og ekki var unnt að rekja þau saman.



Teikning 8. Túngarðsleifar (1737-65), niðurgröftur (1737-72) og fornleg tóft (1737-50) norður af bæ á Litla-Bakka.

Litli-Bakki-1737-72
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Niðurgröftur
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Niðurgröfturinn er 12m frá miðlínu lagnaleiðar.
Staðhættir
Niðurgröftur er á grónum árbakka norðan við bæ á Litla-Bakka, um 175m frá íbúðarhúsinu.
Lýsing
Niðurgröfturinn er 45-50sm djúpur, óreglulegur í laginu, um 8,5x4,5m á kant. Hann er algróinn grasi en þó sér í nokkra steina sem virðast vera úr hleðslu.

Litli-Bakki-1737-50
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Tóft
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Tóftin er um 2m frá miðlínu lagnaleiðar.
Staðhættir
Lítil tóft er í gömlu túni á árbakkanum um 150 m NNV af bæ á Litla-Bakka.
Lýsing
Tóftin er mjög sokkin og fornleg. Hún virðist tvískipt og innangur verið að sunnan. Veggir eru á bilinu 10-20sm háir og um 1m breiðir. Mögulega er þetta gamall stekkur.
Aðrar upplýsingar
Ekki er minnst á tóftir á þessum stað í örnefnaskrá.

Mynd 41. Horft til vesturs yfir mógrafir (1737-70) norðan við bæ á Litla-Bakka.

Litli-Bakki-1737-70
Hlutverk: Mógrafir
Tegund: Niðurgröftur
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Niðurgröfturinn er fast við miðlínu lagnaleiðar, sem liggur til vesturs yfir Miðfjarðará og aðallögnin milli Litla-Bakka og Uppsala er 11m austan við grafirnar.
Staðhættir og lýsing
Mógrafir er á grónum árbakka norðan við bæ á Litla-Bakka, um 80m frá íbúðarhúsinu. Grafirnar eru á bilinu 30-80sm djúpar, að hluta til fullar af rusli, heyrúllum o.fl.

Litli-Bakki-1737-51
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Hættumat: Mikil hætta
Hættuorsök: Lagnaleiðin liggur yfir vesturenda garðsins.
Staðhættir og lýsing
Túngarður umhverfis gamla heimatúnið á Litla-Bakka sést í suðausturhorni túnsins, og má rekja hann á loftmynd áfram meðfram túninu að austan lengra til norðurs. Garðlagið er algróið grasi, 30-120sm hátt og mest um 2m breitt.
Aðrar upplýsingar
Mögulega er þetta garðbrot og garðbrotið norðan við bæ (1737-65) hluti af sama túngarði. Garðbrotin fengu þó sitt hvort númerið þar sem langt er á milli þeirra og ekki var unnt að rekja þau saman.



Teikning 9. Túngarðsbrot (1737-51) sunnan við bæ á Litla-Bakka.

Mynd 42. Horft til norðurs upp að Neðri-Stekkjarhóli, tvær stekkjartóftir sjást á myndinni, ofar til vinstri er stekkur 1737-52 og nær til hægri stekkur 1737-53.

Litli-Bakki-1737-52
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Tvær stekkjartóftir eru um 530m SSA af bæ á Litla-Bakka, sunnan í svonefndum Neðri-Stekkjarhóli, um 25m austan við lagnaleiðina.
Lýsing
Norðari stekkjartóftin er tvískipt, með litla rétt að vestanverðu, sem er 3x4,5m að innanmáli en austan við hana er minna hólf eða lambakró, sem er 2,2x3,5 m á kant að innan, með hlið til suðurs. Ekki er greinilegt hlið á réttinni en það gæti þó hafa verið á suðurvegg. Norðurveggur er hlaðinn kantur upp við brekkuna, en aðrir veggir eru um 1m breiðir og á bilinu 20-40sm háir, algrónir og þýfðir.



Teikning 10. Stekkjartóftir í landi Litla-Bakka, báðar innan 50m frá miðlínu lagnaleiðar, en þó ekki í hættu.

Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá Litla-Bakka segir: „Suður og upp frá túni er Kvíahóll. Austur frá honum er Kvíadalur. Suður frá Kvíahól er Kvíalaut. […] Næst fyrir sunnan Kvíalaut er Syðrilaut og þar sunnar Syðstalaut. Þar austar er Stekkur sunnan í Neðri-Stekkjarhól. Sést greinilega fyrir stekknum. Þar kemur snemma grænt gras á vorin. Stekkurinn hefur ekki verið notaður til fráfærna eftir árið 1900.“ (bls. 2).

Litli-Bakki-1737-53
Hlutverk: Stekkur
Tegund: Tóft
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Tvær stekkjartóftir eru um 530m SSA af bæ á Litla-Bakka, sunnan í svonefndum Neðri-Stekkjarhól, um 25m austan við lagnaleiðina.
Lýsing
Syðri stekkurinn er neðst í smá brekku, neðan undir hól. Hún er tvískipt, rétt og lítil lambakró, réttin er 7m löng og á bilinu 2,5-4m breið að innanmáli, en lambakróin er byggð hálfpartinn inn í réttinni. Hlið hefur verið meðfram lambakrónni til suðurs úr réttinni, en ekkert greinanlegt hlið er á krónni. Króin er 2x3 m að innanmáli. Veggir stekkjarins eru nokkuð hrundir en grónir og sér ekki í grjót fyrir utan einn stóran stein inní tóftinni. Vegghæð er á bilinu 20-50sm og breidd um 1 metri.
Aðrar upplýsingar
Í örnefnaskrá Litla-Bakka segir: „Suður og upp frá túni er Kvíahóll. Austur frá honum er Kvíadalur. Suður frá Kvíahól er Kvíalaut. […] Næst fyrir sunnan Kvíalaut er Syðrilaut og þar sunnar Syðstalaut. Þar austar er Stekkur sunnan í Neðri-Stekkjarhól. Sést greinilega fyrir stekknum. Þar kemur snemma grænt gras á vorin. Stekkurinn hefur ekki verið notaður til fráfærna eftir árið 1900.“ (bls. 2).

Barkarstaðir-1737-54
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Varða
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir
Varðan er á melhól um 950m NNV af bæ á Barkarstöðum og 230m upp af þjóðveginum.
Lýsing
Varðan er öll hrunin og rétt um 30sm há og rúmlega 1m breið.

Mynd 43. Horft til suðurs yfir vörðu (1737-54) norðarlega í landi Barkarstaða.

Samantekt og tillögur að breytingum:

Skráðar voru 78 minjar á lagnaleiðinni, þar af níu bæjarhólar eða bæjarstæði. Í tveimur tilfellum var staðsetning svo ónákvæm að ekki voru gerðar tillögur að breytingum, það er á Tannstöðum og Fúsakoti í landi Syðri-Reykja, í einu tilfelli var hægt að fara framhjá bæjarhóli og var það lagt til á Mýrum. Í nokkrum tilfellum voru lagðar til breytingar til að lágmarka hugsanlegt rask. T.a.m. var lagnaleið á Skarfshóli og Neðri-Torfustöðum færð alveg upp að húsum til að valda ekki raski á mögulega óhreyfðum hluta bæjarhólanna. Á Staðarbakka og Bergsstöðum var línan auk þess færð til að sneiða hjá jarðlægum minjum sem vitað var af og á Skarfshóli var línan færð frá sýnilegum minjum við bæjarstæðið.

Nokkrar breytingartillögur voru auk þess gerðar á lagnaleiðinni vegna annarra minja, en alls voru 28 minjar taldar í hættu vegna nálægðar við fyrirhugaða lagnaleið og þar af 9 í mikilli hættu, sem að óbreyttu hefði verið farið í gegnum (og að auki ein í hættu vegna landbrots). Lagðar voru til breytingar þar sem því var við komið, en þar sem íbúðarhús eru á gömlum bæjarhólum eru líkur á að minjar undir sverði verði fyrir raski þegar nýjar lagnir eru lagðar og erfitt að komast hjá því, sömuleiðis er ekki alltaf unnt að sneiða hjá löngum garðlögum eins og túngörðum eða vörslugörðum.

Hér að neðan er stutt samantekt fyrir minjar á lagnaleiðinni, fyrst frá Reykjum í Hrútafirði að Bessastöðum á Heggstaðanesi, þá frá Jaðri við Hrútafjörð til austurs upp á Hrútafjarðarháls að Sveðjustöðum. Þar á eftir í Miðfirði vestanverðum og loks austanverðum, frá Laugarbakka að Barkarstöðum:

Hrútafjörður: Frá Reykjum að Bessastöðum

- **Reykir –** Lagt var til að línan væri færð lítillega til í móanum norðaustan við Reykjatanga til að sneiða hjá þekktum minjum og var það gert.
    - Mógrafir og nokkrar mó- og/eða heytóftir eru á óræktuðum bletti, Pyttaflóa N og NA við Reyki. Upphafleg lagnaleið lá rétt við eina tóftina og var færð um 15m til vesturs.
    - Núverandi íbúðarhús á Reykjum eru tvö en hvorugt þeirra á gömlu bjæarstæði og bæjarhóllinn ekki í hættu.

- **Tannstaðabakki –** Ekki var ástæða til að gera breytingar á lagnaleið vegna þekktra fornleifa.
    - Tóftir hesthúss og kvía eru í grónum hvammi austan við íbúðarhúsið á Tannstaðabakka. Lagnaleiðin liggur suður fyrir hvamminn og minjarnar ættu því ekki að vera í hættu. En íbúðarhúsið er á svipuðum slóðum og síðasti torfbærinn og má vera að minjar séu undir sverði á þeim slóðum, en óvíst er að ein leið sé öðrum betri að húsinu hvað þetta varðar.

- **Tannstaðir –** Ekki var lögð til breyting á lagnaleið í landi Tannstaða.
    - Lögnin fer í gegnum slétt tún neðan íbúðarhússins á Tannstöðum. Við vinnslu skýrslunnar kom í ljós að fornt bæjarstæði hefur verið einhverstaðar á þeim slóðum, líklega þó norðvestan við lagnalínuna. Nákvæm staðsetning liggur ekki fyrir og engar sýnilegar minjar eru á yfirborði.
    - Tannstaðir koma fyrst fyrir í Auðunarmáldaga frá 1318 en þá er bænhús á jörðinni (Ísl. Fornbréfasafn II, bls. 483) og enn árið 1360 (ísl. Fornbréfasafn III, bls. 166), en er ekki getið í fornbréfum aftur fyrr en eftir 1500 (ísl. Fornbréfasafn XII, bls. 81 og 463). Upphaf byggðar má því rekja a.m.k. aftur til 14. aldar en jörðin gæti að sjálfsögðu verið mun eldri.

- **Jaðar (Syðri og Ytri) –** Ekki var lögð til breyting á lagnaleið í landi Jaðars.
    - Lagnaleiðin er um 10m frá garðlagi, líklega gömlum túngarði á Syðri-Jaðri, þar sem hún fer upp á bakkann norðan við útihúsin á Tannstöðum.
    - Engar minjar fundust í landi Ytri-Jaðars á leiðinni til norðurs að Mýrum en á leiðinni til austurs að Tjarnarkoti voru nokkrar vörður og hleðslur innan skráningarsvæðisins og þar af ein sem lenti í miðri línunni, lagt var til að línan yrði færð örlítið til að forða henni raski. Líklega eru þetta mest vörður af einhverju tagi sem kunna að hafa verið hlaðnar í ýmsum tilgangi. Stundum er þó erfitt að útiloka að ekki geti verið um annars konar minjar að ræða svo sem kuml, en kuml eru legstaðir fólks úr heiðni. Þau láta oft lítið yfir sér og geta líkst hrundum vörðum.

- **Mýrar (I, II og III) –** Lagt var til að línan yrði færð suður og vestur fyrir gamla bæjarhólinn á Mýrum.
    - Lagnaleiðin liggur norður fyrir íbúðarhúsið á Mýrum 2 og þaðan til norðvesturs norðan við Mýrar 1 og yfir gamla bæjarhólinn. Mýrar koma fyrst fyrir í skjölum frá lokum 15. aldar en jörðin kann að vera mun eldri, en ekki er vitað um annað bæjarstæði.

- **Bessastaðir –** Lagt var til að færa lögnina að Bessastöðum lengra til norðurs út í túnið frá bænum til að forða þekktum minjum raski.
    - Gamla bæjarstæðið á Bessastöðum (þ.e. síðasta bæjarins) er austan við núverandi íbúðarhús. Austan við gamla bæinn fannst í byrjun 20. aldar meint kuml úr heiðnum sið og skammt frá er nýlega upphlaðinn brunnur sem tilheyrði gamla bænum.
    - Bessastaðir koma fyrst fyrir í landnámu og er ekki vitað um annað bæjarstæði.

Hrútafjarðarháls: Frá Jaðri að Sveðjustöðum

- **Jaðar (Syðri og Ytri) –** Ekki var lögð til breyting á lagnaleið í landi Jaðars.
    - Lagnaleiðin er um 10m frá garðlagi, líklega gömlum túngarði á Syðri-Jaðri, þar sem hún fer upp á bakkann norðan við útihúsin á Tannstöðum.
    - Engar minjar fundust í landi Ytri-Jaðars á leiðinni til norðurs að Mýrum en á leiðinni til austurs að Tjarnarkoti voru nokkrar vörður og hleðslur innan skráningarsvæðisins og þar af ein sem lenti í miðri línunni, lagt var til að línan yrði færð örlítið til að forða henni raski. Líklega eru þetta mest vörður af einhverju tagi sem kunna að hafa verið hlaðnar í ýmsum tilgangi. Stundum er þó erfitt að útiloka að ekki geti verið um annars konar minjar að ræða svo sem kuml, en kuml eru legstaðir fólks úr heiðni. Þau láta oft lítið yfir sér og geta líkst hrundum vörðum.

- **Tjarnarkot –** Ekki var lögð til breyting á lagnaleið í landi Tjarnarkots.
    - Núverandi íbúðar/sumarhús á Tjarnarkoti er á svonefndum Hesthúshóli. En bæjarhóllinn er norðvestan hans og ekki í hættu.
    - Þrjár hleðslur voru á skráningarsvæðinu í landi Tjarnarkots, engin þeirra var þó svo nálægt lagnaleið að ástæða væri til að færa línuna eða gera aðrar ráðstafanir.

- **Sveðjustaðir –** Ekki var lögð til breyting á lagnaleið í landi Sveðjustaða.
    - Gamla bæjarstæðið á Sveðjustöðum er vestan við núverandi íbúðarhús og ekki í hættu. Engar fornleifar voru innan skráningarsvæðisins en gamall vegur liggur vestan við útihúsin á Sveðjustöðum til norðurs eftir mýrinni og beygir svo til austurs um það bil sem hann kemur inn í land Tjarnarkots. Búið er að grafa nokkra skurði í gegnum þennan veg og fer hitaveitulögnin í gegnum hann þar sem þegar er búið að raska honum. Vegurinn er uppbyggður, allbreiður og virðist tilkominn eftir tilkomu stórvirkra vinnuvéla.

Miðfjörður vestan ár: Frá Staðarbakka að Skarfshóli

- **Staðarbakki (I og II –** Lögð var til breyting á lagnaleið við Staðarbakka til að forða þekktum minjum raski.
    - Upphafleg lína lá í gegnum bæjarhlaðið og hafði valdið miklu raski. Milli íbúðarhúss og kirkju má búast við leifum gamalla bygginga, jafnvel kirkjugarðs, þá er forn kirkjugarður vestan við garðinn eins og hann er í dag, þar sem vegurinn liggur yfir. Að auki eru leifar gamla bæjarins suðvestan núverandi íbúðarhúss. Þar í túninu var einnig hlaðinn brunnur, sem búið er að fylla, en var mældur var inn með hjálp heimildamanns.
    - Staðarbakki kemur fyrir í fjölda heimilda frá 13. öld og var þá þegar kirkjustaður og stórbýli. Saga jarðarinnar gæti þó verið mun eldri, en ekki er vitað um annað bæjarstæði og má því búast við umfangsmiklum minjum undir sverði allt í kringum kirkjuna og gamla íbúðarhúsið.
    - **Lækjarbakki –** Neðan við íbúðarhúsið á Lækjarbakka er stekkjartóft frá Staðarbakka, um 10m suður af lagnaleiðinni.
    - Engar þekktar minjar eru landi Staðarbakka á lagnaleiðinni til suðurs að Króksstöðum

- **Króksstaðir –** Lagt var til að lagnaleiðin yrði færð til vesturs af hólnum norðan við íbúðarhúsið á Króksstöðum til að forða minjum raski.
    - Nokkrar þústir og ein tóft eru á hólnum norður af íbúðarhúsinu, sú stærsta þeirra kann að vera leifar mannabústaðar, gamla bæjarstæðið er í nágrenni við eða á sama stað og íbúðarhúsið.
    - Króksstaðir koma fyrir í heimildum frá upphafi 14. aldar en saga jarðarinnar kann að vera lengri. Ekki er vitað um annað bæjarstæði og því má búast við umfangsmiklum mannvistarleifum undir sverði í nágrenni íbúðarhússins og norðan þess.

- **Skarfshóll –** Lagt var til að færa lagnaleiðina á tveimur stöðum í landi Skarfshóls, annars vegar miðja vegu milli Skarfshóls og Króksstaða þar sem lagnaleiðin lá um gamlar mógrafir og heima við hús en lagt var til að lagnaleiðin yrði færð sem næst íbúðarhúsinu að norðanverðu til að lágmarka rask á hugsanlegum minjum í bæjarhóli.
    - Mógrafir og þrennar mótóftir eru austan túnanna á Skarfshóli og var línan færð norður fyrir grafirnar.
    - Síðasti torfbærinn á Skarfshóli var á hlaðinu framan við skemmuna norðvestan íbúðarhúss og fjós rétt við norðvesturhorn íbúðarhússins. Skarfshóll kemur fyrst fyrir í heimildum frá

upphafi 14. aldar en gæti verið mikið eldri, það er því að búast við umfangsmiklum jarðlægum minjum á gamla bæjarstæðinu.

Miðfjörður vestan ár: Brekkulækur, Búrfell, Huppahlíð, Grundarás og Laxahvammur

- **Brekkulækur** – Engar breytingar voru lagðar til á lagnaleið í landi Brekkulækjar.
    - Í svonefndum Réttarhólma í Miðfjarðará er gömul skilarétt Miðfirðinga, réttin er í hættu vegna landbrots en ekki vegna framkvæmdanna.
    - Heima við bæ er farið í gegnum gamla túngarðinn en það er á stað sem hefur þegar orðið fyrir raski og ekki ástæða til tilfærslu.
    - Heimildir eru um útihús norðan bæjar þar sem nú eru yngri byggingar og ekki ástæða til að gera breytingar á línunni.
    - Síðasti torfbærinn á Brekkulæk stóð sunnan við bílastæðið við gamla íbúðarhúsið þar sem nú er rekið gistiheimili. Þar er nú slétt tún og engar minjar sýnilegar á yfirborði. Þrátt fyrir það má gera ráð fyrir að minjar séu undir sverði á svæðinu, þær ættu þó ekki að vera í neinni hættu af fyrirhuguðum framkvæmdum, þar sem lögnin kemur inn í húsið að norðan.
    - Ofan við hesthúsin eru tvær tóftir eða þústir á skráningarsvæðinu suður við gil bæjarlækjarins, hvorug þeirra í hættu.
    - Að endingu var hleðsla innan skráningarsvæðis á merkjum milli Brekkulækjar og Búrfells.

- **Búrfell –** Engar breytingar voru lagðar til á lagnaleiðinni í landi jarðarinnar, enda sýnilegar minjar ekki í hættu.
    - Suðaustan við túnin á Búrfelli er tóft innan skráningarsvæðis en hún er þó ekki í hættu.
    - Sunnan bæjar eru beðasléttur í túni og gamla bæjarstæðið og tóftir rúma 100m SSA af íbúðarhúsinu. Ábúandi vildi hins vegar fá lögnina færða austur fyrir túnin hjá sér og var sú leið því einnig skoðuð. Einu minjarnar sem gætu verið í hættu ef línan er færð eru grjóthleðslur á aflöngum hóli í túnjaðri um 440m ASA af bæ. Erfitt er að segja til um hlutverk þessara hleðslna en miðað við staðsetningu og útlit gæti verið um kuml að ræða, ýmislegt annað kemur þó einnig til greina s.s..

- **Huppahlíð –** Engar sýnilegar minjar voru í lagnaleið hitaveitunnar í landi Huppahlíðar og engar breytingar lagðar til.
    - Gamla íbúðarhúsið er byggt á gamla bæjarstæðinu, en ekki var sýnt að ein leið að húsinu væri betri en önnur. Hupphlíð kemur fyrst fyrir í heimildum á 14. öld en jörðin kann að vera eldri og má búast við allmiklum minjum undir sverði umhverfis gamla íbúðarhúsið.

- **Grundarás -** Engar breytingar voru lagðar til í landi Grundaráss og engar sýnilegar minjar á lagnaleið.

- **Laxahvammur –** Engar breytingar voru lagðar til í landi Laxahvamms og engar sýnilegar minjar á lagnaleið.

Miðfjörður ausan ár: Frá Laugarbakka að Barkarstöðum

- **Ytri-Reykir –** Engar þekktar minjar voru á lagnaleið í landi Ytri-Reykja og ekki lagðar til breytingar.

- **Syðri-Reykir –** Engar breytingar voru lagðar til á fyrirhugaðri lagnaleið í landi Syðri-Reykja.
    - Nokkrar hjáleigur voru í landi Reykja, staðsetning þeirra er þekkt í grófum dráttum en ekki nákvæmlega vitað hvar einstaka hús stóðu. Ein þessara hjáleigna kann að hafa verið innan núverandi skráningarsvæðis, en það er Fúsakot sem stóð syðst í túninu neðan við núverandi útihús. Ekki er að fullu ljóst hvar byggingar stóðu. Hnit voru tekin eftir tilsögn ábúanda og miðað við örnefnakort, það má því gera ráð fyrir all mikilli skekkju og var ekki talin ástæða til að færa línuna af þeim sökum.
    - Fúsakot var byggt upp á seinni hluta 17. aldar og var í byggð a.m.k. eitthvað fram á þá 18du.
    - Sunnarlega í landi Syðri-Reykja eru mó- eða torfgrafir sem voru ekki taldar í hættu vegna framkvæmda.

- **Bergsstaðir –** Lagt var til að línan yrði færð norður fyrir afleggjarann heim að Bergsstöðum til að forða þekktum minjum raski, en leifar síðasta bæjarins eru norðvestan núverandi íbúðarhúss.
    - Bergsstaðir koma fyrst fyrir í heimildum frá 14. öld og má því búast við umfangsmiklum minjum undir sverði á gamla bæjarstæðinu, umhverfis núverandi íbúðarhús.

- **Efri-Torfustaðir –** Engar breytingar voru lagðar til á lagnaleið í landi Efri-Torfustaða
    - Fara þarf í gegnum túngarð norðan túns á Efri-Torfustöðum en ekki er hægt að komast hjá því.

- **Neðri-Torfustaðir –** Upphafleg lagnaleið fór þvert yfir hlaðið austan við íbúðarhúsið á Neðri-Torfustöðum, þar sem síðasti torfbærinn stóð.
    - Íbúðarhúsið á Neðri-Torfustöðum er á gamla bæjarstæði Torfustaða og jörðin kemur fyrst fyrir í heimildum frá 13. öld, það má því búast við umfangsmiklum minjum undir sverði á allstóru svæði umhverfis og einkum austan við íbúðarhúsið.
    - Svolítil tilfærsla var gerð á lagnaleiðinni á Efri-Torfustöðum en hún fór í gegnum gamla bæjarhólinn og túngarð norður af bæ. Ekki var unnt að forða túngarðinum raski en línan á bæjarstæðinu var færð upp að íbúðarhúsinu til að lágmarka rask á mögulegum minjum undir sverði.

- **Syðri-Urriðaá –** Engar breytingar voru lagðar til á lagnaleið í landi Syðri-Urriðaár.
    - Kuml fannst norðan við ána Urriðaá 1946 og enn 1961, hugsanlega leifar þess sama. Miðað við lýsingar virðist þetta vera vestan við lagnaleiðina, varast verður allt óþarfa rask á þessu svæði, en línan fer ekki yfir minjar eftir því sem best er vitað.

- **Ytra-Bjarg –** Engar breytingar voru lagðar til á lagnaleið í landi Ytra-Bjargs.
    - Tvær hleðslur eru á gróðurrýrum ási norðan við túnin á Ytra-Bjargi, hugsanlega hrundar vörður en staðsetning þeirra og útlit gæti einnig bent til kumla. Þær ættu þó ekki að vera í hættu.

- Heimildir eru um útihús á tveimur hólum suðvestan við íbúðarhúsið á Ytra-Bjargi en lagnaleiðin fer á milli hólana og ekki ástæða til að breyta henni.

- **Bjarg –** Engar breytingar voru lagðar til á lagnaleið í landi Bjargs.
  - Norðan bæjar er Grettisþúfa, stór jarðfastur steinn sem er ekki í hættu.
  - Gamla bæjarstæðið á Bjargi er ofan við núverandi íbúðarhús en þó eru einhverjar jarðlægar minjar sunnan hússins því þar komu í ljós minjar þegar grafið var fyrir lögnum í mjólkurhúsið.
  - Sunnarlega í landi jarðarinnar er hleðsla og mótóft ásamt mógröf, ekkert af þessum minjum er þó mikilli hættu vegna framkvæmdanna nú.

- **Bjargshóll –** Ekki var ástæða til að leggja til breytingar á lagnaleið í landi Bjargshóls.
  - Tvennar stekkjartóftir eru í gili norðan bæjar, önnur þeirra skammt frá lagnaleiðinni en hin reyndist við nánari skoðun utan svæðis en fékk þó að fljóta með þar sem búið var að skrá hana. Hvorug þeirra ætti að verða fyrir raski vegna framkvæmda nú.

- **Uppsalir –** Engar breytingar voru lagðar til á lagnaleið í landi Uppsala.
  - Jörðin hét áður Rófa og er gamla bæjarstæðið í túni norðaustur af íbúðarhúsinu.
  - Á holti neðan bæjar var skráður lítill niðurgröftur, mögulega undirstöður kofa af einhverju tagi en það er óvíst og ekki í hættu.
  - Undir gömlum árbakka niður við Austurá (Miðfjarðará) er stór matjurtagarður, en hann ætti ekki heldur að vera í hættu þrátt fyrir nálægð við lagnaleið.

- **Litli-Bakki –** Lagt var til að lagnaleiðinni yrði breytt örlítið á tveimur stöðum í landi Litla-Bakka.
  - Undir bakkanum norðan við bæinn, þar sem fyrirhuguð lagnaleið liggur eru minjar í hættu. Nyrst eru leifar gamals túngarðs sem línan fer í gegnum. UM 13m sunnan garðs er sokkin gamalleg tóft, hugsanlega stekkur eða útihús af einhverju tagi, gæti verið mjög gamalt af útliti að dæma. Þessi tóft er um 2m neðan (vestan) við áætlaða lagnaleið. Nokkru sunnar eru svo mógrafir sem búið er að fylla að hluta með heyi og byggingaleifum, þær eru 10m vestan línunnar milli Uppsala og Litla-Bakka (N-S), en línan yfir að Laxahvammi (A-V) liggur yfir suðurenda þessara grafa. Lagt var til að línan yrði færð ögn til austurs og/eða gamla tóftin sunnan garðsins yrði merkt. Þá var lagt til að línan sunnan bæjar yrði færð ögn til að forða tungarðsleifum þar raski.
  - Íbúðarhúsið á Litla-Bakka er að líkindum á gamla bæjarstæðinu en ekki náðist í heimildamann til að fá það staðfest og var ekki unnt að ráða í það af örnefnaskrám og örnefnakorti. Það eru því líkur á að minjar undir sverði verði fyrir raski þegar grafið verður að húsinu, en hjá því verður ekki komist og ekki sýnt að ein leið sé öðrum betri.
  - Þá voru skráðar tvennar stekkjartóftir um 500m SA af bæ, báðar innan skráningarsvæðis en hvorug í hættu.

- **Barkarstaðir –** Engar breytingar voru lagðar til á lagnaleið í landi Barkarstaða.
  - Gamla bæjarstæðið á Barkarstöðum er þar sem elsta íbúðarhúsið er og ekki er gert ráð fyrir að leggja þangað hitaveitu.
  - Ein hleðsla eða varða var á skráningarsvæðinu norðarlega í landi jarðarinnar, en hún var ekki í hættu.

Heimildaskrá

Björn Lárusson 1967. *The Old Icelandic Land Registers.* Institute of Economic History – Lund University. Lund, 1967.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) II. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1893.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) III. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1896.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) IV. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1897.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) VI. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1900-1904.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) VII. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1903-1907.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) IX. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1909-1913.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) XI. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1915-1925.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) XII. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1923-1932.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) XIII. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1933-1939.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) XIV. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1944-1949.

Íslenzkt fornbréfasafn (Diplomatarium Islandicum) XV. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1947-1950.

JÁM VIII – *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. 8. Bindi. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn, 1926.

Johnsen – Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Útg. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánuðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánuðar 1861. Jarðabókaútgáfan. Kaupmannahöf, 1861.

Íslendinga Sögur. I bindi. Landssaga og landnám. Guðni Jónsson. Íslendingasagnaútgáfan. Reykjavík, 1946.

Örnefnaskrár

Reykir – Athugasemdir og viðbætur. Skrásetjari Sigríður Jóhannsdóttir. Heimildamenn Sigurjón Þorsteinsson og Þorsteinn Sigurjónsson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, 1980.

Jaðar –Skrásetjari og heimildamaður Óli Valgeir Hjartarson. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, 1979.

Tannstaðir. Skrásetjari Helgi Guðmundsson. [Heimildamann vantar]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, [ártal vantar].

Torfustaðir og Torfustaðahús. [Skrásetjara og heimildamann vantar]. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, [ártal vantar].

Bjarg. Skrásetjari Guðný Friðriksdóttir. Heimildamenn Guðný Friðriksdóttir og Páll Karlsson, byggt á eldri skrá Helga Guðmundssonar. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, 1978.

Litli-Bakki. Heimildamenn Helgi Guðmundsson og Guðlaugur Jóhannsson. Skrásetjari Sigríður Jóhannsdóttir. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar, 1980.

Loftmyndir með merktum örnefnum. Hrútafjörður og Miðfjörður. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Heimasíður

Fasteignamat ríkisins: www.skra.is

Minjastofnun Íslands: www.minjastofnun.is

Grettissaga: http://www.perseus.tufts.edu/hopper/text;jsessionid=69B5AF9F07FD555E65EF93721E1FEA83?doc=Perseus%3Atext%3A2003.02.0004%3Achapter%3D84 (Skoðað 3.12.2015).

Heimildamenn

Þorsteinn Sigurjónsson á Reykjum.
Ólöf Ólafsdóttir á Tannstaðabakka.
Rafn Benediktsson, á Staðarbakka 1.
Þorvaldur Pálsson á Ytra-Bjargi.
Jón Ívar Jónsson á Skarfshóli.
Guðný Helga Björnsdóttir á Bessastöðum.
Jóhann Magnússon á Bessastöðum.
Arinbjörn Jóhannsson

Fylgiskjöl


Yfirlitsmynd 1 - Reykir og Sæberg
Sæberg
1737-082
1737-005
1737-004
1737-001
1737-002
1737-003
Reykir lóð
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 50 100 150 200 m


Yfirlitsmynd 2 - Tannstaðabakki, Tannstaðir, Syðri- og Ytri-Jaðar
Ytri-Jaðar
Syðri-Jaðar
1737-081
Tannstaðir
1737-084
Tannstaðabakki
1737-008
1737-007
1737-083
1737-006
Tannstaðabakki
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 50 100 150 200 m


Yfirlitsmynd 3 - Ytri-Jaðar, Tjarnarkot og Sveðjustaðir
Tjarnarkot
1737-055
1737-013
1737-012
1737-011
1737-014
1737-010
1737-009
1737-015
Ytri-Jaðar
37-081
Tannstaðir
84
Sveðjustaðir
Tannstaðabakki
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0
250
500 m


Yfirlitsmynd 4 - Mýrar I, II og III
Mýrar
1737-016
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 50 100 150 200 m


Yfirlitsmynd 5 - Bessastaðir
Bessastaðir
1737-018
1737-017
1737-068
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0
50
100 m


Yfirlitsmynd 6 - Lækjarbakki og Staðarbakki I og II
1737-067
Staðarbakki
1737-066
1737-061
1737-062
Lækjarbakki
1737-077
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 50 100 150 200 m


Yfirlitsmynd 7 - Skarfshóll og Króksstaðir
1737-026
1737-025
1737-024
1737-023
Króksstaðir
1737-073
1737-075
1737-074
1737-076
Skarfshóll
1737-057
1737-058
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 50 100 150 200 m


Yfirlitsmynd 8 - Brekkulækur
1737-059
1737-056
1737-037
1737-038
1737-039
Brekkulækur
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 50 100 150 200 m


Yfirlitsmynd 10 - Huppahlíð
Huppahlíð
1737-060
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 50 100150200 m


Yfirlitsmynd 9 - Búrfell og Brekkulækur
1737-047
1737-046
Búrfell
1737-045
1737-044
1737-040
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 50 100150200 m


Yfirlitsmynd 11 - Grundarás, Laxahvammur, Uppsalir og Litli-Bakki
Uppsalir >
1737-049
Grundarás
1737-048
1737-072
1737-065
1737-050
1737-070
Litli-Bakki
Laxahvammur
1737-051
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 50 100 150 200 m


Yfirlitsmynd 12 - Laugarbakki, Ytri- og Syðri-Reykir
Laugarbakki
Ytri-Reykir
Syðri-Reykir
1737-019
1737-078
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 100 200 300 400 500 m


Yfirlitsmynd 13 - Bergsstaðir, Neðri-Torfustaðir I, II og Urriðaá
1737-020
Bergsstaðir
1737-064
1737-021
1737-063
Neðri-Torfustaðir
Urriðaá
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 100 200 300 400 500 m


Yfirlitsmynd 14 - Ytri- og Syðri-Urriðaá og Ytra-Bjarg
Syðri-Urriðaá
Ytri-Urriðaá
1737-079
1737-028
1737-029
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 100 200 300 400 500 m


Yfirlitsmynd 15 - Ytra- og Syðra-Bjarg
1737-028
1737-029
Ytra-Bjarg
1737-031
1737-030
1737-032
1737-069
Syðra-Bjarg
1737-033
1737-034
1737-071
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 100 200 300 400 500 m


Yfirlitsmynd 16 - Bjargshóll og Uppsalir
1737-034
1737-071
1737-056
1737-035
1737-036
Bjargshóll
Uppsalir
1737-049
1737-048
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 100 200 300 400 500 m


Yfirlitsmynd 16 -Laxahvammur, Litli-Bakki og Barkarstaðir
1737-072
1737-065
1737-050
1737-070
Litli-Bakki
Laxahvammur
1737-051
1737-052
1737-053
1737-054
Barkarstaðir
Skýringar
N
Fornleifar
BSk 2015 158 línur
BSk 2015 158 flákar
BSk 2015 158 punktar
Aðrar upplýsingar
Fyrirhuguð lagnaleið
50m radíus
Landamerki frá Nytjalandi
0 100 200 300 400 500 m

Heiti jarðar	Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur til	Aldur frá	Hættumat	Hætta vegna	Hnit ISN93:	
									Austun	Norðun
Reykir lóð	1737-001		niðurgröftur	óþekkt	1700	1900	engin hætta		401945	530389
Reykir lóð	1737-002		tóft	mókofi/ heytóft	1700	1920	engin hætta		401952	530386
Reykir lóð	1737-003		niðurgröftur	óþekkt	1900	1980	engin hætta		401961	530379
Sæberg	1737-004		þúst	mókofi	1700	1900	engin hætta		401898	530480
Sæberg	1737-005		niðurgröftur	mógröf	1700	1930	engin hætta		401859	530505
Tannstaðabakki	1737-006		tóft	kvíar	1600	1800	engin hætta		402441	532725
Tannstaðabakki	1737-007		garðlag	óþekkt/ aðrekstrargarður	1000	1950	engin hætta		402443	532731
Tannstaðabakki	1737-008		tóft	hesthús	1800	1950	engin hætta		402441	532737
Ytri-Jaðar	1737-009		hleðsla/ varða	óþekkt	850	1950	engin hætta		403578	533832
Ytri-Jaðar	1737-010		varða/ fuglaþúfa	óþekkt	850	1950	engin hætta		404639	533952
Ytri-Jaðar	1737-011		varða	óþekkt	850	1950	hætta	framkvæmda	405044	534073
Ytri-Jaðar	1737-012		varða	óþekkt	850	1950	hætta	framkvæmda	405114	534109
Ytri-Jaðar	1737-013		hleðsla	óþekkt	850	1950	engin hætta		405696	534150
Ytri-Jaðar	1737-014		varða	óþekkt	850	1950	engin hætta		406091	534031
Ytri-Jaðar	1737-015		varða	óþekkt	850	1950	engin hætta		406404	533644
Mýrar	1737-016	Mýrar	hóll	bæjarhóll	1400	1950	mikil hætta	framkvæmda	404053	536447
Bessastaðir	1737-017		niðurgröftur-hleðsla	brunnur	800	1900	engin hætta		403685	540838
Bessastaðir	1737-018		heimild	gröf	800	1100	engin hætta		403665	540838
Syðri-Reykir	1737-019	Fúsakot	heimild	híbýli	1675	1800	engin hætta		412259	537100
Bergsstaðir	1737-020		tóft	óþekkt/ stekkur eða útihús með heytóft	800	1900	engin hætta		413796	535956
Efri-Torfustaðir	1737-021		garðlag	túngarður	1700	1900	mikil hætta	framkvæmda	414036	535403
Króksstaðir	1737-023	Króksstaðir	hóll eða þúst	óþekkt	1500	1900	engin hætta		413232	532424

Heiti jarðar	Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur til	Aldur frá	Hættumat	Hætta vegna	Hnit ISN93:	
									Austun	Norðun
Króksstaðir	1737-024	Króksstaðir	tóft/þúst	óþekkt	1500	1900	engin hætta		413249	532424
Króksstaðir	1737-025	Króksstaðir	tóft	óþekkt/ útihús	1500	1900	engin hætta		413241	532451
Króksstaðir	1737-026	Króksstaðir	tóft/þúst	óþekkt	1500	1900	engin hætta		413249	532483
Ytra-Bjarg	1737-028		hleðsla	óþekkt/ varða/ kuml?	800	1900	engin hætta		415348	531807
Ytra-Bjarg	1737-029		hleðsla	óþekkt/ varða/ kuml?	800	1900	engin hætta		415346	531746
Ytra-Bjarg	1737-030		heimild	útihús	1800	1950	engin hætta		415489	531087
Ytra-Bjarg	1737-031		heimild	hesthús	1800	1900	engin hætta		415446	531087
Bjarg	1737-032	Grettisþúfa	steinn	þjóðtrú	900	1000	engin hætta		415488	530965
Bjarg	1737-033		hleðsla	óþekkt	800	1900	hætta	framkvæmda	415376	529859
Bjarg	1737-034		garðlag	óþekkt/ hey- eða mótóft	800	1900	mikil hætta	framkvæmda	415346	529647
Bjargshóll	1737-035		tóft	stekkur	1700	1900	hætta	framkvæmda	414918	528894
Bjargshóll	1737-036		tóft	óþekkt/ stekkur	1500	1900	hætta	framkvæmda	414787	528848
Brekkulækur	1737-037		garðlag	túngarður	1700	1930	mikil hætta	framkvæmda	413843	528980
Brekkulækur	1737-038		tóft	óþekkt/ kofi	800	1900	hætta	framkvæmda	413601	528928
Brekkulækur	1737-039		tóft	óþekkt/ útihús eða stekkur	1500	1900	engin hætta		413605	528918
Búrfell	1737-040		hleðsla	óþekkt	800	1900	engin hætta		412679	528953
Búrfell	1737-044		tóft	óþekkt	1500	1900	engin hætta		411808	529253
Búrfell	1737-045		steinalögn	óþekkt/kuml?	800	1900	engin hætta		411617	529645
Búrfell	1737-046		tóft	útihús	1800	1950	engin hætta		411243	529742
Búrfell	1737-047		jarðrækt	beðasléttur	1800	1900	engin hætta		411213	529812
Uppsalir	1737-048		garðlag og tóft	matjurtagarður/kartöflugeymsla	1800	1950	engin hætta		415317	527094
Uppsalir	1737-049		niðurgröftur	óþekkt	1800	1950	engin hætta		415796	527152
Litli-Bakki	1737-050		tóft	óþekkt/stekkur	800	1900	mikil hætta	framkvæmda	415572	526255
Litli-Bakki	1737-051		garðlag	túngarður	1700	1900	hætta	framkvæmda	415740	526010
Litli-Bakki	1737-052		tóft	stekkur	1600	1900	engin hætta		415965	525675
Litli-Bakki	1737-053		tóft	stekkur/rétt	1500	1900	engin hætta		415980	525665

Heiti jarðar	Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur til	Aldur frá	Hættumat	Hætta vegna	Hnit ISN93:	
									Austun	Norðun
Barkarstaðir	1737-054		hleðsla	óþekkt/smalavarða	800	1900	hætta	framkvæmda	416478	524706
Tjarnarkot	1737-055		heimild	hesthús	1750	1950	hætta	framkvæmda	406199	534564
Brekkulækur	1737-056		tóft/ garðlag	rétt	1850	1950	mikil hætta	landbrots	414492	529005
Skarfshóll	1737-057	Skarfshóll	hóll	bæjarhóll	1300	1950	hætta	framkvæmda	412028	532106
Skarfshóll	1737-058		heimild	fjós	1800	1950	hætta	framkvæmda	412034	532095
Brekkulækur	1737-059		heimild	fjárhús	1800	1950	engin hætta		413960	529051
Huppahlíð	1737-060	Huppahlíð	hóll/ heimild	bæjarhóll	1394	1939	hætta	framkvæmda	411583	527373
Staðarbakki	1737-061	Staðarbakki	heimild	bæjarhóll	800	1935	mikil hætta	framkvæmda	412921	534220
Staðarbakki	1737-062		heimild	brunnur	1700	1900	engin hætta		412912	534205
Neðri-Torfustaðir	1737-063	Neðri-Torfustaðir	hóll/ heimild	bæjarhóll	1200	1900	mikil hætta	framkvæmda	414196	535252
Bergsstaðir	1737-064	Bergsstaðir	hóll	bæjarhóll	1400	1900	mikil hætta	framkvæmda	414016	535856
Litli-Bakki	1737-065		garðlag	túngarður	1700	1900	mikil hætta	framkvæmda	415572	526274
Staðarbakki	1737-066		heimild	kirkjugarður	1000	1890	mikil hætta	framkvæmdir	412910	534263
Staðarbakki	1737-067		garðlag	nátthagi	1900	1950	engin hætta		412792	534428
Bessastaðir	1737-068	Bessastaðir	hóll	bæjarhóll	800	1900	hætta	framkvæmda	403660	540824
Bjarg	1737-069	Bjarg	heimild	óþekkt	?	1900	engin hætta		415486	530903
Litli-Bakki	1737-070		niðurgröftur	mógröf	1750	1950	hætta	framkvæmda	415575	526192
Bjarg	1737-071		niðurgröftur	mógröf/ torfstunga	800	1900	engin hætta		415367	529625
Litli-Bakki	1737-072		niðurgröftur	óþekkt	1800	195	hætta	framkvæmda	415555	526273
Skarfshóll	1737-073		niðurgröftur	mógrafir	1600	1900	engin hætta		412527	532315
Skarfshóll	1737-074		tóft	mókofi	1500	1950	engin hætta		412492	532260
Skarfshóll	1737-075		tóft	mókofi	1500	1950	engin hætta		412480	532270
Skarfshóll	1737-076		tóft	mókofi	1500	1950	engin hætta		412510	532254

Heiti jarðar	Númer	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur til	Aldur frá	Hættumat	Hætta vegna	Hnit ISN93:	
									Austun	Norðun
Staðarbakki	1737-077		tóft	stekkur	1750	1900	hætta	framkvæmda	412153	534168
Syðri-Reykir	1737-078		niðurgröftur	mógröf/ torfstunga	1500	1900	engin hætta		413259	536369
Syðri-Urriðaá	1737-079		heimild	kuml	800	1000	engin hætta		414697	533461
Syðri-Jaðar	1737-081		garðlag	túngarður	1700	1900	engin hætta		402897	533246
Sæberg	1737-082		þúst	mókofi	1700	1930	engin hætta		401871	530528
Tannstaðabakki	1737-083	Tannstaða-bakki	heimild	bæjarhóll	1300	1960	hætta	framkvæmda	402340	532712
Tannstaðir	1737-084	Tannstaðir	heimild	bæjarstæði/ bæjarhóll	1300	1900	hætta	framkvæmdir	402787	533098